

MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 24. október 2007 – 43. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

Sprotafyrirtæki
Stíga fram úr skugganum



Orkan í iðrum jarðar
Ónýtt að mestu leyti



Viðskiptastefna ESB
Stöndum betur innan en utan



LÚXUSBÍLL Á SÝNINGU Ekki fer illa um þennan nýja BMW í sýningarsal sínum. Lúxusbílar seljast nú sem aldrei fyrr, en samkvæmt upplýsingum B&L eru fjórir starfsmenn sem bara sinna sölu Range Rover og BMW þar á bæ.

Aldrei meiri lúxusbílasala

Það sem af er ári hefur orðið söluaukning í nær öllum flokkum nýrra lúxusbíla. Á sama tíma hefur sala „venjulegra“ bíla dregist saman um 14,9 prósent.

Fram til 19. október komu rúmlega fjórtán hundruð nýir lúxusbílar á götuna í gegnum íslensk bílaumboð. Til lúxusbíla teljast hér bílar sem kosta frá 4,5 milljónum króna að tuttugu milljónum og upp úr.

Á þessu ári hefur mesta sprengingin orðið í sölu á Land Rover-jeppum og dýrari gerðum af Mercedes Benz. Sala Land Rover jeppa hefur aukist um hundruð prósent á tímabilinu og Benzana um 101 prósent. Þá hefur sala á Audi aukist um 62 prósent og BMW um þrettán prósent.

- hhs / sjá síðu 14

TrackWell
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Auðveld viðskipti | Ísland er í tíunda sæti yfir lönd þar sem auðveldast er að eiga viðskipti í heiminum og hækkar um tvö sæti á milli ára. Þetta sýnir ný úttekt Alþjóðabankans sem gefin var út í ritinu Doing Business 2008.

Selja lúxusíbúðir | Askar Capital hefur selt lúxusíbúðir í Hong Kong eftir mikið umbreytingaferli frá því í júní í fyrra. Samkvæmt frétt Hong Kong Economic Times er söluhagnaður fasteignanna um 1,3 milljarðar íslenskra króna.

Nýtt nafn | Fasteignafélagið Stoðir heitir nú Landic Property. Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri félagsins, sagði breytinguna lið í samþættingu Stoða við fasteignafélagin Keops og Atlas Ejendomme.

Kanna kynjakvóta | Eftirlitstofnun EFTA, ESA, er að kanna hvort lög um kynjakvóta í stjórnir skráðra fyrirtækja í Noregi gangi gegn Evrópurétti. Hefur ESA óskað eftir upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni í því sambandi.



Lagasetning þrautalending | Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að lagasetning yrði þrautalending í því miði að jafna hlut kvenna og karla í stjórnnum íslenskra fyrirtækja. Fyrst þyrfti að skoða allar aðrar leiðir.

Hagvöxtur útflutnings | Í stað hagvaxtar sem byggist á miklum fjárfestingum og einkaneyslu mun hagvöxtur vegna útflutnings taka við. Hagvöxtur verður minni en undanfarin ár en þó viðunandi, segir í nýrri hagspá ASÍ.

Fyrsta útrásarskrefið | Icebank sameinar starfsemi fyrirtækjaráðgjafar sinnar og Behrens eftir kaup á öllu hlutafélagins. Kaupverð og aðrir skilmálar voru ekki gefin upp.

Skuldabréfaútgáfa fyrir 200 milljarða

Fyrirtæki fjármagna starfsemi sína í auknum mæli með útgáfu skuldabréfa. Háir vextir skapa mikla eftirspurn.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Íslensk fyrirtæki hafa gefið út á þessu ári skuldabréf fyrir meira en 200 milljarða króna. Exista er langstærsti útgefandinn í ár með 50 milljarða króna, einn fjórða af allri útgáfunni. Þetta er í takt við gríðarlegan vöxt í útgáfu skuldabréfa fyrirtækja síðastliðin tvö ár. Það sem af er þessu ári hefur vöxturinn verið nálægt hundruð prósent frá árinu 2005.

Haraldur Þórðarsson, forstöðumaður fjármögnunar Exista, segir vaxtastigið í landinu hátt. Margir vilji því nýta tækifærið og kaupa fyrirtækjabréf sem beri háa vexti. Áberandi kaupendur séu peningamarkaðssjóðir, sem eru í eðli sínu skammtíma fjárfestar. Einnig sé þetta ákjósanlegur kostur fyrir einstaklinga í einkabankaþjónustu.

„Þó að erlendar eignir okkar hafi vaxið mikið erum við enn með umfangsmikla starfsemi á Íslandi. Við erum með töluverðar eignir í íslenskum krónum og skuldsetjum okkur í sömu mynt að

ákveðnu marki og takmörkum þannig gjaldeyrisáhættu félagsins. Í öðrum tilvikum nýtum við skiptasamninga til að ná fram þeim hagstæðu kjörum sem erlendar myntir hafa upp á að bjóða. Hvernig sem á málið er lítið er innlendir verðbréfamarkaður okkur afar mikilvægur þegar kemur að fjármögnun félagsins og við leggjum mikið upp úr því að þjónusta hann sem útgefendur,“ segir Haraldur.

Viðmælendur Markaðarins segja þessa fjármögnun vissulega dýra. Krónan sé hávaxtamynt og þetta sé fylgífiskur þess. Álagið sem þurfi að greiða sé samt svipað því sem gerist erlendis. Í einhverjum tilvikum breyti þeir skuldinni í aðra myntir.

Sem dæmi um ávinning af því að kaupa skuldabréf fyrirtækis eru tólf mánaða grunnvextir um 14 prósent. Ofan á það leggst álag sem getur verið tvö prósent en fer eftir fyrirtækjum. Miðað við fjögurra prósentna verðbólgu getur kaupandi skuldabréfs því átt von á tólf prósentna raunávöxtun. Fyrirtæki hafa séð sér leik á borði og sótt peninga á þennan markað.

ÚTISTANDANDI SKULDABRÉF FYRIRTÆKJA*

Exista	70,4
FL Group	35,0
Landsvirkjun	25,5
Bakkavör Group	20,7
Atorka Group	19,0
Stoðir	18,5
Síminn	14,0
Nýsir	8,0
Icelandair Group	6,2
Eyrir Invest	6,1

*í milljónum króna

Helmingur í evrur á næstunni

Innan tveggja ára gætu 94 prósent markaðsvirðis félaga á Aðallista Kauphallarinnar verið í erlendri mynt samkvæmt nýrri spá Kaupþings.

Miðað við þau félög á Aðallista Kauphallarinnar sem greiningardeild Kaupþings telur líkleg til að færa hlutafé sitt í erlenda mynt verða um 94 prósent markaðsvirðis í Kauphöllinni þannig skráð innan tveggja ára. Í þeim hópi eru allir bankarnir.

Samanlagt markaðsvirði félaga á Aðallista Kauphallarinnar hinn 19. þessa mánaðar var 3.206 milljarðar króna. Virði félaganna sem líkleg eru til að skrá bréf sín í erlendri mynt innan tveggja ára segir Kaupþing vera rúma 3.018 milljarða króna.

Þá tínir greiningardeildin til félög sem skoða breytingu

FÉLÖG Í EVRUR Á NÆSTUNNI

	Uppgjörsmýnt	Markaðsvirði*
Alfesca	EUR	37,2
Exista	EUR	388,0
Kaupþing banki	ISK	843,4
Marel	EUR	37,8
Straumur	EUR	206,7
Samtals		1.513,1
Heildarvirði félaga		3.206,0
Hlutfall		47,2%

*Virði í milljónum króna 19. október sl. (Stuðst við tölur greiningardeilda Kaupþings)

una nú þegar og segir markaðsvirði þeirra á Aðallistanum vera

22 prósent af heildinni. Í þeim hópi eru Alfesca, Exista, Marel, Straumur og Össur. Það síðastnefnda hefur þó ekki lýst því yfir að það hafi tekið þessa stefnu á ný, þótt málið hafi verið skoðað á árum áður. Þá er Kaupþing banki ekki með í þessari upptalningu, en Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, hefur sagt að stefnt sé að evruskráningu bréfa hans.

Sé Össur undanskilinn og Kaupþingi bætt í hópinn stefnir í að tæpur helmingur, eða 47,2 prósent, markaðsvirðis á Aðallista Kauphallarinnar verði í erlendri mynt á næstu misserum. - óká

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 13,8%*
- GBP 5,8%*
- DKK 4,3%*
- USD 4,6%*
- EUR 3,8%*
- CAD 4,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbodslýsingar og útdráttar úr útbodslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. sept. - 30. sept. 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-1,8%	64,2%
Bakkavör	-2,8%	5,4%
Exista	-8,4%	46,0%
FL Group	-7,2%	-1,2%
Glitnir	-4,3%	19,3%
Eimskipafélagið	4,6%	30,2%
Icelandair	-0,6%	-3,4%
Kaupþing	-5,8%	32,1%
Landsbankinn	0,9%	65,7%
Straumur	-4,8%	13,8%
Teymi	-2,5%	17,4%
Össur	-0,9%	-7,5%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Töluverð viðskipti á fyrsta degi

Töluverð viðskipti voru með hlutabréf SPRON á fyrsta degi félagsins á hlutabréfamarkaðnum í gær. Um eittleytið í gær nálgadist velta með bréfin níu hundruð milljónir króna. Viðskipti hófust í 18,9 krónum á hlut. Gengið stóð í 17,1 krónu um eittleytið í gær. Miðað við það er markaðsvirði félagsins 86 milljarðar króna. Morgunkorn Glitnis segir að miðað við það gengi sé SPRON hátt verðlagt í samburði við íslensku bankana.

Aðdragandi skráningar SPRON í Kauphöllina hefur verið langur. Árið 2001 var lögum um spari-



HRINGT INN Í KAUPHÖLL Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, og Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, hringdu kauphallarbjöllunni við opnun markaðar í gær. MARKAÐURINN/GVA

sjóði breytt og sparisjóðum heimilað að breyta rekstri sínum í hlutafélagaformið. Árið 2002

reyndi SPRON að nýta sér það heimildarákvæði. Vegna ágreinings um túlkun laganna varð ekkert úr áformunum þá.

„Sparisjóðirnir hafa ekki vaxið með sama hraða og viðskiptabankarnir á undanförunum árum. Við höfum ekki getað farið þá leið að nota hlutafé til að kaupa fyrirtæki og fara í samruna. Af þessum ástæðum er alveg ljóst að við höfum orðið af vaxtartækifærum sem ella hefðu myndast á undanförunum árum,“ segir Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri og kveður mikil vaxtartækifæri felast í skráningunni. - hhs

Spenna á vinnumarkaði

Launavísitalan hækkað um 0,6 prósent á milli mánaða í september, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar en vísitalan hefur hækkað um 8,1 prósent síðastliðna tólf mánuði.

Greiningardeild Glitnis segir að mikil spenna sé á vinnumarkaði um þessar mundir. Atvinnurekendur reyni að halda í fólk á sama tíma og önnur laði að sér nýtt starfsfólk með freistandi tilboðum. Það komi fram í örum launahækkunum. Deildin reiknar með töluverðum launahækkunum það sem eftir lifir árs. - jab

Icelandair hugleiðir einkapotuflota í Mið-Evrópu

Ein þota fylgdi kaupum Icelandair Group á flugfélaginu Travel Service í Tékklandi og þegar búið að panta aðra.

„Ekki er út í hött að hugsa sér 20 til 30 véla einkapotuflota í Mið-Evrópu þegar fram í sækir,“ segir Sigbór Einarsson, framkvæmdastjóri þróunar og stefnumótunar, hjá Icelandair Group.

Tékkneska flugfélagið Travel Service, sem er að 80 prósentum í eigu Icelandair Group, starfrækir þegar eina Cessna-einkapotu fyrir níu farþega. Fram kom í máli Romans Vik, forstjóra Travel Service, á kynningarfundum Icelandair í Tékklandi fyrir helgi að vélin væri umsetin og hefði næg verkefni, sér í lagi frá Rússlandi. Sigbór segir þegar búið að leggja inn pöntun fyrir annarri vél. „Þetta er ört vaxandi markaður,“ segir hann og bætir við

að stefnt sé á öran vöxt þessarar þjónustu.

Travel Service er stærsta einkarekna flugfélag Tékklands með um 10 prósentu markaðshlutdeild á alþjóðaflugvælinum í Prag á eftir ríkisflugfélaginu. Þá á Travel Service og rekur lágjaldaflugfélagið Smart Wings.

Farið var yfir horfur í rekstrinum á fundi Icelandair í Prag. Skrifað var undir kaupsamning á Travel Service í síðasta mánuði. Á móti Icelandair Group eiga í félaginu Roman Vik forstjóri og Lenka Vikova 10 prósent, en hin 10 prósentin eiga eigendur Unimex Group, sem er með margvíslegan verslana- og fyrirtækjarekstur í Tékklandi og víðar. - óka

Fimm ára vaxtar-skeið er að baki

Verðbólguþáttur nást í byrjun árs 2010 samkvæmt spá Kaupþings. Gert er ráð fyrir skammvinnu og grunnu lækkunarferli stýrivaxta. Krónan verður sterk og hlutabréf sveiflast.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Að okkar mati er fimm ára vaxtar-skeið nú á enda og niðursveifla fram undan,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings. Hún kynnti í gærmorgun hagspá bankans fram til ársins 2010. „Við spáum því að þjóðarútgjöld dragist saman í ár og á næsta ári og að samdrátturinn í ár verði sá mesti sem mælt hefur í fimmtán ár.“

Engu síður er ráð fyrir því gert í spánni að hagvöxtur verði jákvæður, einkum vegna aukins útflutnings áls og vegna vaxtar í opinberum útgjöldum. „Við spáum því svo að hagkerfið taki við sér á ný árið 2009,“ segir Ásdís, en þar ýtir undir stóriðja í Helgúvík, aukin ríkisútgjöld og vaxandi atvinnuvegafjárfestingar.

Á þessu ári er spáð 5 prósentu verðbólgu og 3,9 prósentum á næsta ári og að verðbólguþáttur nást í Seðlabankans náist árið 2010. Greiningardeildin spár því jafnfram að stýrivextir verði óbreyttir á næsta vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans, en lækkunarferill vaxtanna hefjist í maí á næsta ári. „Þessi ferill verður skammvinnur og grunnur,“ segir hún, en spáin gerir ráð fyrir að vextir taki að hækka á ný um mitt ár 2009. „Hins vegar gæti snöggkólnun á eignamörkuðum eða hiksti við útrás ýtt undir hraðara vaxtalækkunarferli en við gerum ráð fyrir.“ Spáin gerir þó ráð fyrir að vaxtamunur við útlönd verði áfram hár og það styðji við gengi krónunnar. Í sérstakri spá sem Þórhallur Ásbjörnsson, sérfræðingur greiningardeildar, fór yfir er því spáð að næstu mánuði haldist krónan sterk, í kringum 116 stig, en einkennist þó áfram af sveiflum. Á næsta ári á hún svo að taka dýfu. „Við spáum 10 prósentu veikingu krónunnar fram á mitt næsta ár,“ segir Þórhallur. Hún er þó sögð munu rétta sig við aftur vegna áframhaldandi vaxtamunar við útlönd. Krónan flokkast því enn sem hávaxtamýnt, en sökum hárs viðskiptahalla verði hún berskjaldari en aðrar myntir gagnvart



Á KYNNINGARFUNDI GREININGARDEILDAR KAUPÞINGS Ásdís Kristjánsdóttir, hagfræðingur og sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings, kynnti skýrsluna Efnahagshorfur að hausti í húsakynnum bankans í gærmorgun. MARKAÐURINN/GVA

neikvæðri framvindu á alþjóðamörkuðum og skýri það flókt hennar.

Óvissuþættir í spá greiningardeildarinnar eru hins vegar fremur sagðir „upp á við“ en niður. „Hagvöxtur gæti orðið meiri og samdráttur minni í þjóðarútgjöldum. Jafnframt gæti líka óvissu með verðbólguþáttu, hún gæti orðið hærri en okkar spá gerir ráð fyrir,“ segir Ásdís.

Greiningardeildin gerði einnig grein fyrir spá sinni um þróun og horfur á hlutabréfamarkaði. Gert er ráð fyrir sveiflukenndum lokafjórðungi ársins, sér í lagi vegna mikilla hræringa undanfarna mánuði og óvissu um hvort sjái fyrir endann á undirmálslánakrisunni, sem hér hafi áhrif með óbeinum hætti. Gert er ráð fyrir því að Úrvalsvísitalan endi í 8.500 stigum í árslok, sem er sama spá og sett var fram eftir fyrsta ársfjórðung. Haraldur Yngvi Pétursson, sem kynnti spána, sagði þó ólíku saman að jafna í aðstæðum því mikið hefði gerst í millitíðinni. Þannig var vísitalunni spáð í 9.000 til 9.500 stig í byrjun júlí eftir miklar hækkunir framan af ári og áður en undirmálslánakrisan fór að hafa áhrif.

Telja horfurnar í góðu lagi

Meirihluti forráðamanna hjá íslenskum fyrirtækjum telur aðstæður í efnahagslífinu góðar en einungis 4,2 prósent eru óndverðrar skoðunar. Flestir telja sömuleiðis að horfurnar verði óbreyttar eftir hálfu ári. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 400 stærstu fyrirtækja hér á landi.

Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup og var gerð á tímabilinu 24. ágúst til 16. september síðastliðinn. Svarhlutfall var 62,6 prósent og alls tók 231 fyrirtæki af 369 þátt í henni.

Vísitala efnahagslífsins stendur í 189,5 stigum, sem er sjö



MANNLÍF Í MIÐBÆNUM Forráðamenn flestra fyrirtækja hér á landi telja horfur í efnahagsmálum góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

stigum lægra en í sömu könnun í maí. Í Vefriti fjármálaráðuneytisins er tekið fram að þótt vísitalan hafi lækkað á milli kannana sé hún enn mjög há í sögulegu samhengi.

Fyrirtæki í samgöngum, flutningum, ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og veitum virðast vera jákvæðust en forráðamenn fyrirtækja í sjávarútvegi eru neikvæðari, að því er segir í könnuninni. - jab

Prentaðu í svart-hvítu

Prentaðu í lit



PagePro 1350E

Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu
Prentstýring: PCL5e/PCL6
Tölvutengi: USB, Parallel
Pappirsstærðir: A5 - A4
Pappirsþykkt: 60 - 163 g/m2

Tilboðsverð: 29.900 kr.



PagePro 1400W

Afköst: 16 bls/mín í svart-hvítu
Prentstýring: Windows prentun
Tölvutengi: USB
Pappirsstærðir: A5 - A4
Pappirsþykkt: 60 - 163 g/m2

Tilboðsverð: 13.900 kr.



magicolor 2500W

Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu,
5 bls/mín í lit
Prentstýring: Windows prentun
Tölvutengi: USB
Pappirsstærðir: A5 - A4
Pappirsþykkt: 60 - 200 g/m2

Tilboðsverð: 39.900 kr.



magicolor 5450D

Afköst: 25 bls/mín í svart-hvítu,
25 bls/mín í lit
Prentstýring: PCL5c, PCL6, PostScript
Tölvutengi: USB, parallel, netkort,
PictBridge
Pappirsstærðir: A5 - A4
Pappirsþykkt: 60 - 210 g/m2

Tilboðsverð: 219.900 kr.

KJARAN
TÆKNIÞUNADUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK • TB@KJARAN.IS • WWW.KJARAN.IS • SÍMI: 510 5520

magicolor



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFÆRI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



1290-

BORVÉL 500W



3990-

HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI



1295-

HLEÐSLUSKRÚFJÁRN



2995-

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V



4995-

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V



5890-

HÖGGBOR/BROTVÉL 850W



4995-

BELTSLÍPÍVÉL 900W



995-

HLEÐSLUBORVÉL 12V



2990-

RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

Hreinsaðu lafinn fyrir veturinn



9990

LAUFSUGA - BLÁSARI



2290-

HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM



1590-

SLÍPIROKKUR 600W



1390-

STINGSÖG 350W



5850-

FLÍASÖG



12.900-

KEÐJUSÖG RAFM.



2950-

HJÓLSÖG 1400W



9990-

BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W



RAFSTÖÐVAR
800W **19900-**
2200W **34900-**
5500W **59500-**



1995-

SLÍPIMÚS



1290-

JUÐARI



4995-

BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

Afkomuspá felldi Electrolux

Gengi hlutabréfa í sænska raf-tækjaframleiðandanum Electrolux féll um rúm átta prósent á sænskum hlutabréfamarkaði á mánudag þrátt fyrir að hagnaður félagsins hafi stórukað á milli ára.

Hagnaðurinn nam tæpum 762 milljónum sænskra króna, 7,3 milljörðum íslenskra, á þriðja ársfjórðungi samanborið við 440 milljónir sænskra króna á sama tíma í fyrra. Þetta er 73 prósent hækkun á milli ára, sem engu síður er nokkuð undir væntingum.

Electrolux, sem sömuleiðis framleiðir heimilistæki

undir merkjum AEG og Zanussi, gerir ekki ráð fyrir jafn góðri afkomu á seinni hluta árs enda búast stjórnendur fyrirtækisins við minni sölu í Bandaríkjunum samhliða samdrætti í einkaneyslu þar og hærri rekstrarkostnaði í Evrópu.

Greinendur segja uppgjör-ið á fjórðungnum jafna við afkomuviðvörun hjá Electrolux, sem séu ákveðin vonbrigði, að sögn fréttastofu Reuters. - **jab**

RYKSUGA FRÁ ELECTROLUX Rúm átta prósent af markaðsvirði sænska raf-tækjaframleiðandans Electrolux sópuðust í burtu eftir birtingu afkomutalna fyrirtækisins í vikubyrjun.



Tvísýnt um yfirtöku á Sainsbury's

Viðræður um yfirtöku fjárfestingasjóðsins Delta Two á breska stórmarkaðnum Sainsbury's rak í strand um síðustu helgi þegar sjóðurinn greindi frá því að hann ætti í erfiðleikum með að fjármagna kaupin.

Viðræðurnar voru á góðu skriði fram að síðustu helgi en gert var ráð fyrir að formlegt yfirtökutilboð upp á allt að 10,6 milljarða punda, jafnvirði rúmra 1.300 milljarða króna, yrði lagt fram á allra næstu dögum.

Breska blaðið Mail on Sunday segir kreppu á fjármálamörk-



LOSTÆTI Í KÆLIBORDI SAINSBURY'S Fjárfestingarsjóður sem stefnt hefur að yfirtöku á einni af stærstu verslanakeðjum Bretlandseyja er sagður hafa lent í vandræðum með fjármögnun. MARKAÐURINN/AFP

uðum hafa gert sjóðnum, sem stjórnvöld í Katar stýra, erfiðara um vik en áður að fjármagna sig enda slíkt ekkert einsdæmi um þessar mundir.

Verslanakeðjan hefur verið í skotsigt fjárfestingarsjóða frá því snemma á árinu og hafa margir verið orðaðir við kaup í henni. Þar á meðal var Unity Investments, breskt fjárfestingarfélag í eigu FL Group, Baugs og Kevins Stanford, fyrrverandi eiganda fatakeðjunnar Karen Millen, sem reyndar losaði 1,26 prósent hlut í versluninni í byrjun febrúar. - **jab**

Stefna á að selja fyrir 600 milljarða króna

PetroChina, stærsti olíu- og gasframleiðandi Kína, ætlar að gefa út nýtt hlutafé og skrá það í kauphöllina í Sjanghæ í Kína. Bréf félagsins eru sömuleiðis skráð í kauphöllina í Hong Kong. Frumskráning fyrir hlutabréfum hefst á morgun og stendur fram á föstudag. Ekki liggur fyrir hvenær viðskipti með bréf í PetroChina hefjast í Sjanghæ en samkvæmt venju gerist það tíu dögum eftir að hlutafjárútbóði lýkur.

Vonast er til að útbóðið skili félaginu 73,3 milljörðum júana, rúmum 600 milljörðum íslenskra króna. Gangi vonir eftir verður



JANG JIEMIN, stjórnarformaður PetroChina.

þetta langstærsta hlutafjárútbóði á kínverskum hlutabréfamarkaði.

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett, sem oft er kallaður vitringurinn frá Omaha

sökum hæfni á fjármálasviðinu, átti um stundarsakir ellefu prósent hlut í félaginu en seldi hann síðla sumars. Vitringurinn sagði reyndar í samtali við Foxsjónvarpsfréttastöðina um helgina að fjárfestingin hefði verið góð en líklega hefði hann átt að halda hlutunum örlítið lengur þar sem gengi bréfa í félaginu hefur hækkað eftir því sem nær hefur dregið hlutafjárútbóðinu. - **jab**

Nike kaupir Umbro

Hluthafar Umbro tvöfalda fjárfestinguna á tæpum mánuði. Félag Existu tók inn tæpar 400 milljónir króna á yfirtökunni.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Bandaríski íþróttavörufremleiðandinn Nike keypti í gær breska keppinautinn Umbro. Kaupverð nemur 285 milljónum sterlingspunda, jafnvirði 35,7 milljörðum íslenskra króna. Í tilkynningu frá Nike kemur fram að með kaupunum stefni fyrirtækið á frekari vöxt á lykilmörkuðum.

Umbro er umsvifamikill framleiðandi á íþróttavörum fyrir hin ýmsu knattspyrnulið bæði í Bretlandi, Írlandi, Skotlandi og í Norgei og Svíþjóð. Umbro sér enska

landslíðinu fyrir fatnaði auk þess sem það framleiðir fót fyrir sex lið í ensku úrvalsdeildinni, þar á meðal Íslendingaliðið West Ham. Félagið mun halda öllum samningum sínum við knattspyrnuliðin eftir að viðskiptin hafa gengið í gegn.

Talsverð samþjöppun hefur verið í íþróttavörugæiranum síðastliðin tvö ár eða allt frá því Adidas keypti Rebook árið 2005 auk þess sem franska smásölukæðjan PPR hefur tekið stóra stöðu í þýska íþróttavörufremleiðandnum Puma.

Umbro hefur glímt við erfiðleika í rekstri upp á síðkastið en hagnaður félagsins dróst saman um 44 prósent á milli ára á fyrri hluta ársins. Stjórnendur fyrirtækisins sögðu í breskum fjölmiðlum í kjölfarið að niðurstaðan væri óviðunandi og gæti orðið enn daprari kæmust ensku úrvalsdeildarliðin ekki áfram í Evrópukeppni félagsliða. Í kjölfarið var greint frá því að ónafngreindur fjárfestir hefði fundað með félaginu og borið víurnar í Umbro. Steve Makin, forstjóri Umbro, varðist hins vegar allra frétta og sagði óvíst hverju viðræðurnar myndu skila.

Orðrómur um hugsanlega yfirtöku á Umbro varð til þess að breska íþróttavörufremleiðandinn JJB Sports, sem er í tæpri þriðjungseigu Existu og Chris Ronnie, forstjóra keðjunnar, festi sér 10,12 prósent hlut í fyrirtækinu á föstudag fyrir 178 pens á hlut, jafnvirði fimm milljarða króna. Gjörningurinn var ekki síst til þess fallinn að tryggja viðskiptahagsmunum félagsins og réttlætir það sextán prósent yfirverð



KEPPINAUTAR BROSÁ Í KAMPINN Nike hefur ákveðið að kaupa breska íþróttavörufremleiðandann Umbro. Þegar kaupin verða frágengin mun sama félagið sjá ensku úrvalsdeildarfélagnum Manchester United og Newcastle fyrir íþróttatrejum.

sem JJB Sports greiddi. Helsti keppinautur JJB Sports, Sports Direct, keypti fyrir í sömu viku 15 prósent hlut í Umbro en bæði félög hafa hag af því að selja vörur undir merkjum félagsins.

Gengi bréfa í Umbro hefur hækkað gríðarlega síðustu vikurnar. Það fór niður í 106,5 pens á hlut seint í síðasta mánuði samhliða niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum og stóð í 120 pensum fyrir viku. Það stóð í gær í 188,75 pensum á hlut, sem er rúmlega fjórtán prósent hækkun frá mánudegi. Samkvæmt kaupsamningi Nike fá hluthafar Umbro 193,06 pens fyrir hvern hlut sinn og því ljóst að fjárfestar sem komu inn í félagið í enda september hafa næstum tvöfaldað fjárfestinguna.

Ætla má að samkvæmt því hafi 10,12 prósent hlutur félags Existu hækkað sem þessu nemur, eða um 390 milljónir króna við minnsta yfir helgina.

Apple skýtur yfir spár

Hagnaður bandaríska tölvu- og hugbúnaðarframleiðandans Apple nam 904 milljónum bandaríkjadala, jafnvirði 55,7 milljarða íslenskra króna, á síðasta fjórðungi, samanborið við 542 milljónir dala á sama tíma í fyrra. Þetta er 67 prósent aukning á milli ára og langt umfram spár fjármála-sérfræðinga.

Mestu munar um geysimikla eftirspurn eftir tölvum undir merkjum Apple, iPhone-margmiðlunarfasímum og fleiri gerðum af iPod-spilurum, sem hafa skilað félaginu miklum tekjum.



STEVE JOBS Sala á vörum Apple skaut langt umfram spár Steve Jobs, forstjóra fyrirtækisins.

Samkvæmt upplýsingum fréttaveitunnar Bloomberg seldi Apple 2,16 milljónir Makka-tölva og 10,2 milljónir iPod-spilara. Sala á nýja iPhone-símanum fór hins vegar langt fram úr væntingum Steve Jobs, forstjóra fyrirtækisins.

Gengi hlutabréfa í Apple hækkaði um 2,3 prósent á hlut undir lok viðskipta á hlutabréfamörkuðum í Bandaríkjunum á mánudag en tóku kipp eftir birtingu uppgjörstalna og stökk upp um heil átta prósent áður en markaðir voru opnaðir vestanhafs í gær. - **jab**



// 26. október 2007 //

FJÁRFESTINGAÞING NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA

MAREL Austurhrauni 9, Garðabæ



Seed Forum

DAGSKRÁ

08:30 **Skráning**
09:00 **Opnun**
Andri Ottesen, stjórnarformaður SFI

Stjórnvöld og nýsköpun
Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar Alþingis

Nýsköpunarfyrirtæki og fjármálafyrirtæki
Tryggvi Herbertsson, forstjóri Askar Capital

Nýsköpunarfyrirtæki kynna viðskiptahugmyndir sínar:
Clarovison
Petromodel
Promar Agua
Carbon Recycling

Kaffihlé

Barents Seefood
Oxymap
Albedo Technology
aGameCompany
Nigaard Pharma

Marel í nútíð og framtíð
Hörður Amarsson, forstjóri

12:30 **Léttur hádegisverður fyrir frumkvöðla og fjárfesta**

SKRÁNING

Þar sem sæti eru takmörkuð eru þátttakendur beðnir um að skrá sig á <http://www.seedforum.is>

RÆÐUMENN



Katrín Júlíusdóttir
formaður iðnaðarnefndar
Alþingis



Tryggvi Þór Herbertsson
forstjóri Askar Capital



Hörður Amarsson
forstjóri Marel

Breski sendiherrann, Alp Mehmet býður ráðstefnugestum til móttöku á heimili sínu kl. 17.30.

Borgarstjórnin í Reykjavík býður fjárfestum og frumkvöðlum í léttan kvöldverð að Höfða kl. 19.30.



Hvernig?

Hvernig samræmir
Kaupþing bankþjónustu
í mörgum löndum?

„Miðlæg SAP-bankalausn fyrir starfsstöðvar Kaupþings víða um heim tryggir samræmd vinnubrögð og þjónustu gagnvart viðskiptavinum. SAP-lausnin hefur skilað ótvíræðu hagræði. Þegar Kaupþing yfirtekur fyrirtæki hvetjum við þau til að skipta upplýsingakerfum sínum út og taka upp miðlægu lausnina – það hraðar samrunaferli og dregur úr kostnaði. Þetta hefur líka vakið athygli; innleiðing **SAP-bankalausnarinnar** hjá okkur hlaut viðurkenningu tímaritsins „The Banker“ sem árangursríkasta verkefnið í kjarnabankastarfsemi árið 2006.“

Ásgrímur Skarphéðinsson,
yfirmaður upplýsingatæknimála hjá Kaupþingi

AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði SAP og Microsoft-lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjá AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsta viðskiptahugbúnaðarfyrirtæki heims og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

AppliCon
- frá áskorun til árangurs

Sprotafyrirtækin stíga fram úr skugganum

Fjárfesting Seed Forum fer fram á föstudag. Þetta er í sjötta sinn sem þing sem þetta er haldið í Reykjavík en þar kynna fulltrúar íslenskra og erlendra sprotafyrirtækja sig fyrir fjárfestum. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson spjallaði við Andra Ottesen, framkvæmdastjóra Seed Forum, og kynnti sér fyrirtækin.

Fjárfesting Seed Forum verður haldið í höfuðstöðvum Marel í Garðabæ á föstudag. Þar munu nú sprotafyrirtæki kynna sig fyrir fjárfestum, þar af fjögur íslensk. Þing sem þessi hafa verið haldin víða um heim undanfarin ár en tvær lotur eru á hverju ári, ein að vori og önnur að hausti. Ný fyrirtæki kynna sig á hverju þingi en nokkur fara þó til nokkurra landa. Þetta er í sjötta sinn sem þingið er haldið hér á landi.

Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirtækja hefur kynnt sig fyrir fjárfestum sem þessum, sem gjarnan eru kallaðir viðskiptaenglar. Þeir setja fjármagn inn í fyrirtækin en taka jafnframt sæti í stjórnnum þeirra og nýta reynslu sína úr fyrirtækjarekstri til að styðja þau áfram.

Á meðal fyrirtækja sem hafa kynnt sig fyrir fjárfestum með þessum hætti eru stórfyrirtæki í dag, svo sem leikjafyrirtækið CCP, sem kynnti sig á þingi Seed Forum fyrir um tveimur árum í nokkrum löndum og opnaði skrifstofu í Kína í kjölfarið. Eins og flestir vita hefur fyrirtækið vaxið gríðarlega síðustu ár og skilaði 500 milljóna króna hagnaði á síðasta ári.

Andri Ottesen, framkvæmdastjóri Seed Forum á Íslandi og Klaks nýsköpunarmiðstöðvar, segir fjárhæðir sem viðskiptaenglarnir setji í sprotafyrirtæki geta hlaupið á allt frá þremur til þrjátíu milljóna króna. Algengast sé þó að þær nemi í kringum fimm milljónum króna. Allt fari það eftir eðli fyrirtækjanna. Stund-

um fjárfesti nokkrir viðskiptaenglar í sama fyrirtækinu og geti heildarfjárhæðin hlaupið á 50 til 150 milljónum króna. En áhættan er mikil og því geta þeir ýmist horft á peningana gufa upp eða margfaldast.

„Það er í raun verið að setja á tvennt með því að fjárfesta í sprotafyrirtækjum; traust á verðugleika fólksins sem stýrir fyrirtækjunum og viðskiptahugmyndina,“ segir Andri og bendir á að fátt annað standi að baki fyrirtækjunum. Rekstrar-saga þeirra sé iðulega mjög stutt, fjárflæði lítið og því sé áhættan mikil fyrir vikið.

Vegna þessarar miklu áhættu gera viðskiptatenglarnir ráð fyrir hárrí ávöxtunarkröfu, allt frá fimmtíu til sjötíu prósentu á ári, að sögn Andra. Hann bendir á að margir þeirra fjárfesti í nokkrum fyrirtækjum í senn og sé því reiknað með að eitt fyrirtæki vegi upp á móti tapi hinna.

„Ávöxtunarkrafan skýrist sömuleiðis af háu stýrivaxtastigi hér,“ segir Andri. Einstaklingar geti fengið allt upp undir fimmtán prósentu ávöxtun á fé sitt í áhættulausum sjóðsbréfum. Slík

ávöxtunarkrafa sjáist vart erlendis og því margfaldist ávöxtunarkrafan á sprotafyrirtækin. Saga CCP er að hans sögn dæmi um fjárfestingu sem hefur skilað sér margfalt til baka.

NÝSKÖPUN MIKILVÆG

Andri segir nýsköpun innan veggja sprotafyrirtækja mikilvæga enda hafi verið sýnt fram á að hún sé það eina sem



FRÁ FJÁRFESTAPINGI SEED FORUM Hver og einn fulltrúi sprotafyrirtækja fær örfáar mínútur til að kynna sig og fyrirtækið fyrir fjárfestum á þingi Seed Forum.

geti haldið uppi hagvexti til langs tíma auk þess sem fyrirtækin geti skapað fjölda nýrra starfa, ekki síst úti á landsbyggðinni. Hann nefnir tvö fyrirtæki sem sérstaklega standi upp úr hvað þetta varðar: „Zymetech, sem kynnti á Seed Forum í mars og hefur náð að afla sér nokkurra hundraða milljóna í hlutfjárloforð, vinnur náttúruylf úr þorskainnyflum. Þetta mun skapa nokkra tugi starfa á landsbyggðinni til lengri tíma, sér í lagi á Höfn í Hornafirði. Þá getur það leitt til þess að óslæggur þorskur verði ekki fluttur úr landi,“ segir hann og bendir á að gangi eftir vonir Carbon Recycling International, sem umbreytir koltvísýringi frá stóriðju yfir í eldsneyti, geti það skapað 600 störf á næstu árum, flest á landsbyggðinni. Eigi það að gerast verður að sögn Andra að

beita tækni fyrirtækisins á alla stóriðju landsins.

Skráning hefst hálf níu í höfuðstöðvum Marel í Garðabæ. Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital, heldur þar erindi áður en fulltrúar fyrirtækjanna stíga á stökk og kynna sig. Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, kynnir einnig framtíðaráforum fyrirtækisins og býður ráðstefnugestum til hádegisverðar þar sem frumkvöðlar og fjárfestar geta myndað tengsl sín á milli, sem vonandi leiða til arðbærrar fjárfestingar. Um eftirmiðdaginn býður breski sendiherrann þeim í bústað sinn að Laufásvegi. Að því loknu býður Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, fjárfestum og frumkvöðlum til léttis kvöldverðar til að styrkja tengsl frumkvöðla og fjárfesta enn frekar.

Allt í augunum

Fyrirtæki: Oxymap

Verkefni: Vinnur að þróun og smíði tækis sem nýtist til að skoða breytingar á efnaskiptum í augnbotnum fólks. Með því er hægt að greina sjúkdóma á borð við sykursýki fyrir en ella.

Staðan: Eitt tæki hefur þegar verið selt til Bandaríkjanna en Oxymap stefnir á frekari vöxt á næstu árum.

Kynnir: Einar Stefánsson, stjórnarformaður Oxymap. Einar á langa reynslu úr heilbrigðis- og líftæknigeiranum; starfaði um árabíl hjá Landspítalanum og var um tíma framkvæmdastjóri Íslenskrar erfða-greiningar.

OXYMAP SÚRFNISMÆLIR
Mælir súrfnismettum í augnbotnum fólks.



ÚTBLÁSTUR Stefnt er að því að vinna bensín úr útblæstri álvera.

Bensín úr mengun

Fyrirtæki: Carbon Recycling International

Verkefni: Vinnur metanól úr útblæstri álvera. Sé metanólið unnið frekar er hægt að búa til bensín á bíla og önnur ökutæki.

Staðan: Hefur búið til nokkra lítra af bensíni í tilraunaverksmiðju.

Kynnir: K.C. Tran, forstjóri Carbon Recycling International. Hann hefur langa reynslu að baki á sviði rannsóknna á metanóli og annarra endurnýtanlegra orkugjafa.

Allir í rallí

Fyrirtæki: aGame Company

Verkefni: Próar fjölspilunartölvuleik þar sem netverjar um heim allan geta keppt í rallakstri við mismunandi aðstæður.

Staðan: Tæknin er tilbúin og búið að hanna bíla og fjölspilunarumhverfi. Flott myndskot úr leiknum verður sýnt á kynningunni.

Kynnir: Kjartan A. Jónsson, stofnandi aGame Company, er eflaust einn af yngri þátttakendum á fjárfestingunni en hann leggur stund á meistaranám í tölvunarfræðum við Háskóla Íslands.



MALARGREINIRINN Tæki PetroModel þýkir byltungu í greiningu á steinum og mól og mun taka við af fremur gömlum aðferðum.

Mælir steina og mól

Fyrirtæki: PetroModel

Verkefni: Vinnur að þróun byltungu-kennis malargreiningartækis sem greinir stærð, form, og samsetningu bergs og fylliefnis og getur framkallað þrívíða mynd af steinum og mól. Álíka tæki eru til í matvælavinnslu.

Staðan: Tilraunataeki hefur gefið góða raun við mælingu á mól og fylliefni.

Kynnir: Þorgeir Helgason, stofnandi PetroModel.

Erlendu fyrirtækin

Fyrirtæki: Clarovision Ltd.

Land: Finnland

Vara: Nettengdur margmiðlunar- og afþreyingarþúnaður.

Fyrirtæki: Albedo Technology International

Land: Noregur

Vara: Himna sem stýrir raka- og hitastigi í jarðvegi.

Fyrirtæki: Nigaard Pharma

Land: Noregur og Svíþjóð

Vara: Nýtt astmalýf og greiningartæki.

Fyrirtæki: Promar Agua

Land: Noregur

Vara: Ráðgert er að reisa verksmiðju á Íslandi sem framleiðir efni sem dregur úr ofnæmisvöldum í matvælaíðnaði.

Fyrirtæki: Barents Seafood

Land: Noregur

Vara: Munaðarmatvæli úr sjávarafurðum.

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

„Ertu búinn að prófa að slökkva og kveikja?“

www.exton.is

Við erum sérfræðingarnir í hljóð- og myndlausnum.
Láttu okkur sjá um fundarherbergið.

EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND



Orkulindir í iðrum jarðar

Ekki er búið að virkja nema brot af þeirri orku sem hafa má af jarðhita um heim allan. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér stöðu og horfur í jarðvarmavirkjunum með sérstöku tilliti til möguleika sameinaðs fyrirtækis Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy til að hasla sér völl á því sviði.

Ekki er búið að virkja nema 6,4 hundraðshluta af jarðvarma sem nýtanlegur er til orkuframleiðslu í heiminum. Jarðvarmi er sagður hafa margvíslega kosti umfram aðrar virkjanir, svo sem stöðuga framleiðslu og litla mengun, og því eftir nokkru að slægjast gangi áætlanir eftir um aukna áherslu á orkuframleiðslu með þessum hætti í heiminum. Jarðvarmi er til dæmis sagður nema tveimur þriðju hlutum af endurnýjanlegri orku sem tæknilega er tiltæk í heiminum, samkvæmt upplýsingum Alþjóðlegu orkustofnunarinnar (International Energy Agency, IEA). Orkuþörf heimsins eykst um leið hratt, jafnvel þótt ekki sé nema lítið til þess fjórðungs mannkyns sem enn er án rafmagns.

Jarðvarmi fellur í flokk sem nefndur er Endurnýjanleg orka til hitunar og kælingar, eða Renewable energy heating and cooling (REHC) upp á enska tungu. Þar má líka finna notkun sólarorku og lífmassa sem ásamt borun eftir jarðvarma eru taldir ódýrustu virkjanakostirnir á þessu sviði, að því er fram kemur í nýlegri skýrslu sem unnin var af Alþjóðlegu orkustofnuninni og fleirum. Í kynningu sem Michael T. Feldman, sérfræðingur Goldman Sachs, hélt á fjárfestakynningu FL Group í Lundúnum 4. október kemur hins vegar fram að jarðvarmavirkjanir hafa margvíslega kosti umfram aðra orkuframleiðslu. FL Group var stærsti eigandi Geysis Green Energy og þar með stór eigandi að Reykjavík Energy Invest eftir sameiningu, en á kynningunni var farið yfir möguleika á þessu sviði. Þá á Goldman Sachs einnig í REI því í september keypti félagið rúman fimm prósent hlut í Geysi Green Energy.

EIGNAGRUNNUR REI	
Heiti	Eignarhlutfall
Exorka International	46%
Enex	70%
Enex Kína	67%
Western Geopower	20%
Hitaveita Suðurnesja	49%
Jarðboranir	100%
PNOC EDC	0,8%

Jarðvarmi fellur í flokk sem nefndur er Endurnýjanleg orka til hitunar og kælingar, eða Renewable energy heating and cooling (REHC) upp á enska tungu. Þar má líka finna notkun sólarorku og lífmassa sem ásamt borun eftir jarðvarma eru taldir ódýrustu virkjanakostirnir á þessu sviði, að því er fram kemur í nýlegri skýrslu sem unnin var af Alþjóðlegu orkustofnuninni og fleirum. Í kynningu sem Michael T. Feldman, sérfræðingur Goldman Sachs, hélt á fjárfestakynningu FL Group í Lundúnum 4. október kemur hins vegar fram að jarðvarmavirkjanir hafa margvíslega kosti umfram aðra orkuframleiðslu. FL Group var stærsti eigandi Geysis Green Energy og þar með stór eigandi að Reykjavík Energy Invest eftir sameiningu, en á kynningunni var farið yfir möguleika á þessu sviði. Þá á Goldman Sachs einnig í REI því í september keypti félagið rúman fimm prósent hlut í Geysi Green Energy.

SÉRHÆFÐA ÞEKkingu ÞARF TIL

Feldman fór yfir kostnað samfara margvíslegri orkuframleiðslu. Framleiðsla með kolum er langóðýrust, en um leið ljóst að hún mengar mikið. Þar nemur kostnaður nálægt fimm bandarískum sentum á hverja kílóvattstund. Þar á eftir fylgir virkjun jarðgass og jarðhita með kostnað nærri sjö sentum á kílóvattstundina. Þar hefur jarðvarminn einnig yfirhöndina þar sem jarðgasið þrýtur væntanlega á endanum, auk þess sem virkjun þess fylgir líka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Vindorka kostar svo milli átta og níu sent kílóvattstundin, en hefur þann ókost við hlið jarðvarmavirkjana að framleiðslugetan er mun minni og stopulli. Engu síður er orkuframleiðsla með vindorku margföld á við jarðvarmavirkjun, eða sjö til áttfalt meiri á síðasta ári, samkvæmt tölum Feldmans.

Lífmassaframleiðslan kostar svo um tíu sent kílóvattstundin, er um þriðjungur dýrari en jarðvarminn. Þá kemur að sólarorku, en framleiðsla hita eða rafmagns með þeim hætti er bæði minni, þar sem sólar nýtur jú ekki við öllum stundum, og mun dýrari en aðrar aðferðir, enn sem komið er að minnsta kosti. Samkvæmt tölum í kynningu Feldmans kostar slík framleiðsla frá 22 upp í 30 sent hver kílóvattstund, eftir því hvaða aðferð er notuð.

Feldman segir hins vegar meira en að segja það að vinda sér út í samkeppni í orkugeira því þekking sé af skornum skammti í heiminum. Við uppbyggingu virkjana segir hann að þurfi sérhæfða tæknipekkingu, getu til að halda utan um slík stórverkefni og burði til að gera sig gildandi í samkeppni. Að auki þurfi svo að fjármagna allt saman. „Maður

þarf að kunna bæði að bora og virkja,“ segir hann.

Nýlega sameinað félag Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy stefnir á að nýta þekkingu sem hefur orðið til hérlendis í virkjun endurnýjanlegra orkugjafa og í fjárfestingum til að verða sér úti um skerf af þessari köku. FL Group kom að stofnun Geysis Green Energy í byrjun ársins með Glitni banka og VGK-Hönnun. Reykjavík Energy Invest fór af stað með svipuð markmið í vor.

Þegar tilkynnt var um sameiningu félanna var upplýst um þær áætlanir félagsins að koma fyrir árslok 2009 að framleiðslu þrjú til fjögur þúsund megavatta, en það myndi nema allt að 2,7 prósentum af mögulegum virkjanakostum á sviði jarðvarma í heiminum og um 40 prósentum af framleiðslunni eins og hún er í heiminum í dag. Gefur það nokkra hugmynd um hlutföllin sem um er rætt, þótt skerfurinn yrði aldrei svo stór, enda óhætt að áætla að fleiri bæti við sig í þessum geira en Íslendingar einir. Þekkingin er víða til staðar og raunar er jarðvarmi nýttur í yfir sjötíu löndum heims, samkvæmt upplýsingum Alþjóðlegu orkustofnunarinnar.

HEIMSMET Í HITAVEITU

Í aðgerðaáætlun stofnunarinnar sem birt var í fyrrahaust um notkun jarðvarma frá árinu í ár og fram til ársins 2012 kemur fram að í ársbyrjun 2005 hafi þó ekki nema 25 lönd heims notað jarðvarma til raforkuframleiðslu og að síðasta aldarfjórðung hafi raforkuframleiðsla með þeim hætti að jafnaði aukist um sem nemur 2,3 prósentum á ári.

Sameinað félag Reykjavík Energy Invest er sagt í einstakri stöðu til að nýta sér þau tækifæri sem fyrir eru í heiminum og koma sér fyrir þar sem vænta má væns ágóða af fjárfestingum. Þetta voru í það minnsta skilaboðin í kynningu Bjarna Ármannssonar,



stjórnarformanns REI, á fjárfestakynningunni sem FL Group hélt í Lundúnum 4. október og áður hefur verið vísað til. Bjarni bendir á að jarðvarmi sé í mjög litlum mæli nýttur í heiminum í dag. „En á sama tíma er augljóst að orkuþörfin eykst,“ bendir hann á og vísar til spár Alþjóðlegu orkustofnunarinnar um að fjárfestingar í orkugeiranum næstu

FRAMLEIÐSLA JARÐVARMAVIRKJANA Í MEGAVÖTTUM (MW)			
	Möguleg	Núverandi	Hlutfall
N-Ameríka	30.000	3.784	12,6%
Asía	42.000	4.124	9,8%
Evrópa	15.800	558	3,5%
Mið- og S-Ameríka	38.000	494	1,3%
Aðrir hlutar heims	23.000	625	2,7%
Alls	148.800	9.584	6,4%


Heimild: Tölur Glitnis í kynningu Michael T. Feldman frá Goldman Sachs á fjárfestakynningu FL Group í Lundúnum 4. október.

framleiðsla með vindorku margföld á við jarðvarmavirkjun, eða sjö til áttfalt meiri á síðasta ári, samkvæmt tölum Feldmans.

Lífmassaframleiðslan kostar svo um tíu sent kílóvattstundin, er um þriðjungur dýrari en jarðvarminn. Þá kemur að sólarorku, en framleiðsla hita eða rafmagns með þeim hætti er bæði minni, þar sem sólar nýtur jú ekki við öllum stundum, og mun dýrari en aðrar aðferðir, enn sem komið er að minnsta kosti. Samkvæmt tölum í kynningu Feldmans kostar slík framleiðsla frá 22 upp í 30 sent hver kílóvattstund, eftir því hvaða aðferð er notuð.

Feldman segir hins vegar meira en að segja það að vinda sér út í samkeppni í orkugeira því þekking sé af skornum skammti í heiminum. Við uppbyggingu virkjana segir hann að þurfi sérhæfða tæknipekkingu, getu til að halda utan um slík stórverkefni og burði til að gera sig gildandi í samkeppni. Að auki þurfi svo að fjármagna allt saman. „Maður

NÝTT OG ÓNÝTT JARÐVAR



Ónýttar að mestu



HELLISHEIÐARVIRKJUN
Á SÓLRÍKUM DEGI
MARKAÐURINN/GVA

aða í heiminum á sviði jarðvarma, en Bjarni var með svipaða skyggju á kynningu sinni ytra. Hann segir stöðu Reykjavík Energy Invest byggjast á þeirri staðreynd að Ísland sé vaxandi afl á sviði orkumála í heiminum.

„Enginn önnur þjóð notar endurnýjanlega orku í jafn miklum mæli, og þá sér í lagi jarðvarmaorku. 74 prósent af allri orku sem notuð er á Íslandi eru endurnýjanleg. Afgangurinn er aðallega til kominn vegna samgöngutækja og fiskveiðiflotans.“ Aukinheldur bendir Bjarni á að helmingur allrar orku sem hér er notuð sé frá jarðvarma kominn. Þannig hafi hitaveita nánast tekið alveg yfir húshitun hér, með 89 prósent hlut. „Og það er heimsmet,“ segir hann. Tíundi partur húsa er svo hitaður með rafmagni og um eitt prósent með olíu. Á þessu korti má sjá hvernig jarðvarmi hefur nánast alveg tekið yfir húshitun í landinu. „Svo höfum við líka á Íslandi fyrirtæki sem heiti Century Aluminum sem rekur álverksmiðju, þá einu í heiminum sem keyrð er með jarðhita. Við höfum því hæfileikana til að framleiða orku á verði sem er samkeppnishæft í stóriðju. Ísland og Noregur eru raunar þau tvö lönd ein í heiminum þar sem yfir 99 prósent af raforkuframleiðslunni eru af endurnýjanlegri orku.“



SIGURÐUR JÓHANNESSON

Hættur samfara útrás

Fjallað eru um Reykjavík Energy Invest, útrásarfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, og fleiri fjárfesta, í grein sem Sigurður Jóhannesson hagfræðingur skrifar í nýjsta hefti Vísendingar. Er þar fjallað um meginsjónarmið sem tekist er á um í áhættuverkefnum fyrirtækja í opinberri eigu.

Í grein sinni bendir Sigurður þó á að dæmi séu um að útrás og margvísleg verk efni sem orkufyrirtæki hafi tekið sér fyrir hendur hafi á endanum farið illa:


„Orkuveita Reykjavíkur er ekki fyrsta veitufyrirtækið sem hyggur á sigra á alþjóðlegum markaði. Árið 1853 gaf Napóleón þriðji Frakklandskeisari út tilskipun um stofnun Compagnie Générale des Eaux sem reka skyldi vatnsveitu í Lyon. Nokkrum árum síðar fékk fyrirtækið sérleyfi til þess að selja vatn í París, Feneyjum og Konstantínópel. Lengi vel hélt það sig við vatnsveitur en upp úr 1980 fór það að teygja sig inn í aðra geira atvinnulífsins, þar á meðal flutninga, sorphreinsun, orkuframleiðslu og byggingarstarfsemi. Árið 1983 var það meðal stofnanda franska sjónvarpsfyrirtækisins Canal+. Umsvifin jukust hröðum skrefum, einkum eftir að nýr forstjóri, Messier, tók við á miðjum tíuna áratugnum. Mest jókst fyrirferð félagsins á fjölmiðlamarkaði. Árið 1998 var nafni þess breytt í Vivendi. Það starfaði þá í 90 löndum og var með yfir 200 þúsund manns í vinnu. Skömmu síðar syrti í lofti. Tap Vivendis árið 2002 var hið mesta sem franskt fyrirtæki hafði orðið fyrir til þessa, yfir 20 milljarðar evra. Skipt var um stjórnendur og eignir seldar til þess að komast hjá gjaldþroti. Fyrirtækið starfar enn í mjög smækkaðri mynd en ekki hefur enn tekist að leysa úr fjárhagsvanda þess,“ segir í grein Sigurðar.

tvo áratugina muni nema um tuttugu billjónum Bandaríkjadala. „Eða tvöfaldri þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna á ári hverju.“ Eins segir hann greinilegt að umhverfisþættir hafi áhrif á viðhorf til orku og orkuöflunar, auk þess sem ljóst sé að jarðvegseldsneyti muni á endanum þrjóta. Þá segir Bjarni ljóst að engin ein orkulind muni uppfylla orkuþarf-

ir heimsins. Hann vísar sérstaklega til uppgangs og efnahagsframvindu landa í Suðaustur-Asíu og í Asíu.

„Líkt og sjá má á heimskortinu, sem ég hef bæði lært að þekkja og elska, þá eru tækifærin til staðar og framkvæmdirnar hagkvæmar,“ segir hann og bendir á súlurnar sem sjá má hér á opnunni um virkjaða orku og óvirkj-

MAMEGAVÖTT Í HEIMINUM



Því er á Bjarna að skilja að Reykjavík Energy Invest sé í kjörstöðu til að takast á við samkeppni í orkugeira um heim allan, stöðu sem byggist á rannsóknum og jarðeðlisfræðilegri þekkingu auk reynslu af eignarhaldi og rekstri orkuvera, sem framleiði endurnýjanlega orku, kolefnisfría eða í það minnsta kolefnisvinnugjarnlega, á samkeppnishæfu verði. „Þetta félag hefur þann styrk sem til þarf, ekki bara frá tæknilegu sjónarmiði, heldur líka hvað varðar fjárhags- og fjárfestingarþekkingu.“

Áherslur í orkumálum heimsins segir Bjarni í auknum mæli verða á umhverfisvænni orku og telur REI til tekna að vera nú þegar með töluverða starfsemi og tengingar við orkufyrirtæki í fremstu röð í heiminum, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Stærstu eignir REI eru í Jarðborunum, Enex, Enex Kína, Exorku og Hitaveitu Suðurnesja. Stefnt er að skráningu REI á markað á þarnaesta ári, en lokastig fjármögnunar á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Við skráningu segir Bjarni stefnt á að eignir REI nemi fimm til átta milljörðum Bandaríkjadala, eða 300 til 500 milljörðum króna. „Við stefnum á að búa til stærsta orkufyrirtæki heims sem byggist á jarðvarma, þar sem endurnýjanlegir orkugjafar eru nýttir bæði félaginu og umhverfinu til framdráttar.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Erfitt hefur verið að spá fyrir um hagvöxt undanfarin ár.

Ófullkomnar hagspár

Björgvin Guðmundsson

Það er svolítið sérstakt að fylgjast með spám sem gefnar eru út þessar vikurnar um hagvöxt. Þessar spár trufla svo sem ekki daglegt líf fólks og fæstir hugsa um hagvöxt þegar þeir mæta til vinnu á morgnana. Framlag hvers og eins er þó lítið lóð á vogarskál hagvaxtarins sem er nátengdur þróun lífskjara í landinu. Enginn þjóðarleiðtogi stæfir sig af neikvæðum hagvexti.

Í gær gaf greiningardeild Kaupþings út hagspá sína. Þar kemur fram að fjögurra ára samfelldum vexti þjóðarútgjalda ljúki á árinu með samdrætti. Svo mikill samdráttur þjóðarútgjalda hafi ekki mælst í fimmtán ár, eða frá árinu 1992. Fjárfesting dregst saman, meðal annars vegna loka viðamikilla stóriðjuframkvæmda og þrátt fyrir vöxt í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Því spár starfsfólk greiningardeildar Kaupþings að hagvöxtur á þessu ári verði einungis um eitt prósent.

Það er í takt við mat fjármálaráðuneytisins, sem í sinni þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 0,7 prósentu hagvexti í ár. Starfsfólk fjármálaráðuneytisins tekur undir með Kaupþingsfólki um samdrátt í þjóðarútgjöldum. Þá gerir ráðuneytið ráð fyrir áframhaldandi vexti einkaneyslu og annarrar fjárfestingar en í stóriðju. Hagvöxtur verði á árinu í krafti stóruaukins útflutnings á áli og samdráttar í innflutningi.

Báðir þessir aðilar byggja spár sínar á tölum frá Hagstofu Íslands eins og Seðlabanki Íslands. Samtök atvinnulífsins benda hins vegar á í greinargerð um efnahagsmál sem kom út í vikunni að mikil skekkja hafi verið í tölum frá Hagstofunni. Hagstofan hafi nýlega fundið út að hagvöxtur í fyrra hafi ekki verið 2,6 prósent heldur 4,2 prósent. Telja starfsmenn Samtaka atvinnulífsins að jafnvel sé hægt að finna út að hagvöxtur árið 2006 hafi verið vel yfir sex prósent. Eins og í fyrra muni Hagstofan örugglega finna meiri umsvif í íslenska hagkerfinu á þessu ári, sem muni hækka hagvöxt verulega frá því sem fjármálaráðuneytið spáði.

Samtök atvinnulífsins segja að enn sé mikil eftirspurn eftir vinnuafli og erlendum starfsmönnum fjölgi á vinnumarkaði. Ásamt sáralitlu atvinnuleysi bendi það ekki til þess að hagvöxtur verði hverfandi á þessu ári. Einnig virðist vinnumarkaðurinn vera að stækka um að minnsta kosti 4,5 prósent milli ára og uppgangur fjármálageirans haldi áfram. Þegar upp verði staðið sé því mun líklegri að hagvöxtur á árinu 2007 mælist yfir fimm prósentum en að hann verði innan við eða um eitt prósent eins og fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Kaupþing spá. Glitnir hefur spáð að hagvöxtur í ár verði 2,6 prósent.

Ljóst er að mörg álitamál koma upp þegar verið er að gefa sér forsendur fyrir hagvexti á hverju ári. Eins eru tölur sem Hagstofa Íslands býr yfir ófullkomnar. Hins vegar segjast fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Kaupþing ekki geta hundsáð opinberar tölur og byggja spár sínar á þeim.

Samtök atvinnulífsins benda á að ef tölur Hagstofunnar um hagvöxt á síðasta ári og tölur fjármálaráðuneytisins um hagvöxt á þessu ári séu réttar ætti framleiðni vinnuafli á Íslandi að hafa verið að hríðfalla. Íslenskt atvinnulíf ætti þannig að búa við stórkostleg og illvíg vandamál vegna minnkandi framleiðni.

Reyndin er hins vegar sú að mati Samtaka atvinnulífsins að í ár og í fyrra hafi fyrirtæki í fjármálageiranum og öðrum vaxtagreinum skapað fjölda hálaunastarfa og leitt framþróun atvinnulífsins. Vandamálið minnkandi framleiðni sé ekki til staðar. Því gangi forsendur fjármálaráðuneytisins og nú Kaupþings ekki upp.

Óvissan um hagvöxt getur verið bagaleg í hagstjórnarlegu tilliti. Og skekkjan er ekkert lítil eins og endurbættir útreikningar Hagstofunnar á hagvexti síðasta árs sýna. Í því ljósi ætti að vera aðkallandi fyrir Hagstofu Íslands að kanna grundvöll útreikninga sinna og hvort eitt-hvað megi bæta til að gera hagvaxtarspár á Íslandi fullkomnari.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt mál

á www.visir.is alla daga

Einkaeign á orkulindum

ORD Í BELG

Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri RSE



skuli vera í sameign þjóðarinnar hvíla á hugmyndum um ríkiseigu, ríkisforsjá og áætlunarbúskap. Það passar einfaldlega ekki við íslenskan veruleika. Eða við nútímann yfir höfuð. Þetta eru ekki góðar hugmyndir. Margsinnis hefur verið sýnt fram á það með rökum að hugmyndin um verðmæti í sameign þjóðarinnar fær ekki staðist. Þjóð getur ekki átt neitt í lagalegum skilningi, þótt orðalagið sé árangursríkt áróðursbragð. Verðmæti geta verið í eigu einstaklinga og fyrirtækja þeirra, í eigu opinberra aðila eða eigendalaus.

Á því er klifað í opinberri umræðu að stórhættulegt sé að einkaaðilar eigi orkulindir á Íslandi. Að í einkavæðingu orkufyrirtækja og auðlinda í þeirra eigu væri fólgin meiri háttar breyting á undirstöðum íslensks samfélags. Þetta er fjarstæða. Meginregla íslenskra laga er að eignarréttur á auðlindum fylgi eignarrétti á landi. Þessi skipan á sér ríka hefð á Íslandi. Svona hefur þetta verið frá fyrstu tíð. Enda þótt ríkið og sveitarfélögin eigi víða lönd og jarðir, og hafi nánast rekið landvinningastefnu, er einkaeign á landi hin eðlilega, hefðbundna skipan á Íslandi. Þjóðlendulögin eru sérkapítuli, sem ekki gefst tóm til að fjalla um í þessari grein, en felur í sér varhugaverða ríkisvæðingu lands og auðlinda. Staðreyndin er sú að fjöldi Íslendinga á náttúruauðlindir í landi sínu og nýtingarrétt á þeim. Til dæmis lætur nærri að um tvö hundruð rafstöðvar séu í einkaeigu á Íslandi, knúnar af vatnsaflum sem eigendur stöðvanna eiga lögum samkvæmt rétt til að nýta.

Ríkið og sveitarfélögin eru afskaplega fyrirferðarmikil á sviði orkumála hér á landi og eiga miklar orkulindir. Þessi eignarréttur opinberra aðila á náttúruauðlindum er hins vegar ekki náttúrulögmál eða eitthvert eðlilegt ástand. Það kunna að hafa legið gild rök að baki því að ríki og sveitarfélög tækju þátt í nýtingu auðlinda og fjármögnun og uppbyggingu fyrirtækja í orkuíðnaði þegar Ísland var fátækara en nú og fjármagn af skornari skammti. En það eru breyttir tímar. Engin rök eru lengur fyrir því að hið opinbera stundi starfsemi af þessu tagi.

Sjónarmiðin um að auðlindir



UM VÍÐA VERÖLD

Einræði kapitalistans

Guardian | Uppþot varð í hluthafahópi bandarísku fréttá- og afþreyingasamsteypunnar News Corporation á ársfundi félagsins í New York í

Bandaríkjunum á föstudag þegar tæpur fjórðungur hluthafa krafðist þess að lýðræðisleg ákvarðanataka yrði innleidd í hluthafahópnum og myndi eitt atkvæði fylgja hverju hlutabréfi. Ástralski fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch, sem stýrt hefur skútunni af hörku, vísaði hugmyndinni út af borðinu. Hann hefur vitanlega hagsmuna að gæta en hann og fjölskylda hans ráða yfir þriðjung atkvæðaréttar í félaginu. Breska dagblaðið Guardian segir Murdoch hafa stutt óbreytt atkvæðavægi með þeim rökum að slíkt gerði stjórninni kleift að taka ákvarðanir með hraði auk þess sem vald hennar virkaði sem virkisveggur gegn þeim fyrirtækjum sem hygðust gera yfirtökutilboð í það. Vart þarf að taka fram að Murdoch náði endurkjöri sem stjórnarformaður News Corporation með 99,5 prósent atkvæða á bak við sig.

Loksins kom lækun

Reuters | Svartsýnisspámenn hafa undanfarið haft tilefni til að hoppa fram úr skugganum og ítreka spá sína um hættuna á leiðréttingu hlutabréfa-



verðs. Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, er einn þeirra. Fréttastofa Reuters hefur eftir honum á sunnudag að titring á fjármálamörkuðum hefði mátt sjá fyrir þar sem áhættusæknir hafi verið með mikil upp á síðkastið og margir spennt bogann hátt. „Eitthvað varð að láta undan,“ sagði hann og bætti við að hvað sem er hefði í raun getað hrist upp í markaðnum. Hefði það ekki verið samdráttur á bandarískum fasteignalánmarkaði hefði það verið eitthvað annað. Greenspan, sem hefur óspart nýtt sér óróleika á fjármálamörkuðum til að kynna sjálfsævisögu sína, er enn í dag gagnrýndur fyrir að hafa ítrekað brugðist við harmakveinum fjárfesta með snarpri lækun stýrivaxta, allt niður í eitt prósent. Reuters bendir á að gjörningar hans hafi ýtt undir miklar verðhækkningar á fasteignaverði, sem einmitt sé rót óróleikans nú.

STARFSMANNAMÁL

Stjórna konur og karlar á ólíkan hátt?

Mikið hefur verið skrifað og rætt um stjórnumarstíl kvenna og karla á síðustu áratugum og hafa rannsakendur töluvert rýnt í mun þar á milli. Í nýjasta hefti tímaritsins Newsweek, frá 22. október, er fjallað um konur og valdastíl kvenna undir fyrir-sögninni: Do Women Really Lead Differently than Men? Þar er að finna viðtöl við fjölda kvenna sem hafa skarað fram úr sem

forstjórar, yfirmenn banka eða annarra fyrirtækja í Evrópu og Ameríku.

Ein aðspurðra telur að einn af lykilkáttum í velgengni sé að taka á móti áskorunum og flýja aldrei af vettvangi, viðurkenna að vita ekki allt og kunna að leita sér upplýsinga. Nauðsynlegt er að leggja sig fram um að læra af mistökum, hafa gaman af vinnunni og umfram allt vera sveigjanlegur. Konurnar gagnrýna kvenmenn fyrir að einblína aðeins á störf sem falla vel að námi þeirra og segja að þær þurfi að komast út úr umgjörðinni og opna fyrir fleiri möguleika í starfsferli. Ein forstjóranna segir að konur þurfi sjálf-

ar að bjóða sér til veislunnar því enginn muni gera það fyrir þær. Annar forstjóri bætir við að mikil umræða sé um vinnu og barnaupeldi en hún snúi aðallega að konum og hvernig þær geti fundið jafnvægi þar á milli. En sannleikurinn sé sá að karlmenn eigi líka börn.

KARLAR HVATVÍSIR OG KONUR NÆRGÆTNAR – ÚRELT KREDDA?

Sitt sýnist hverjum í rannsóknum á stjórnumarstíl kynjanna. Fræðimenn hafa rannsakað persónueinkenni kynjanna í samhengi við forystu og segja að ráðrik persónueinkenni séu meira áberandi hjá körlum en konum. Karlar þykja hvatvísir, djarfir,

ríkjandi, sjálfstæðir og ógrandi. Kvenstjórnumendur eru taldir hafa alþýðlegri persónueinkenni en karlar, sem lýsir sér í að þær eru samvinnuþýðar, hlýjar, háttvísar, nærgætnar, samúðarfullar og næmar (Pounder og Coleman, 2002). Af því má svo draga þá ályktun að karlar hneigist til ópersónulegra og verkefnamiðaðra forystuhátta en konur, sem þykja alúðlegri, leggja meiri áherslu á þætti tengda samskiptum. Karlmennt þykja markmiðatengdari í stjórnum en konur eru alþýðlegri (Stelter, 2002). En það er margt sem bendir til þess að þessu sé ekki svona farið. Aðrar rannsóknir (Gill og Oshagbemi, 2003; Stelter 2002) kúvenda of-

angreindum rannsóknum og sýna fram á að stjórnumsöm hegðun, sem áður hefði verið sögð dæmigerð fyrir karla, finnst í meiri mæli á meðal kvenleiðtoga sem hafa náð hátt í skipuriti. Það er því erfitt að binda hegðun karla eða kvenna við kyn og hugsanlegt að stjórnumendastíll sé engan veginn tengdur kyni heldur sé hann tengdur lærðri hegðun og félagslegum þáttum sem hafa mótað einstaklinginn frá barnæsku.

Sif Sigfúsdóttir, markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar HÍ og stundakennari HÍ. sifsig@hi.is.



SPÁKAUPMAÐURINN

Eplið snætt í sófanum

Eins og allir stórir strákar yfir miðjum aldri hef ég lengi heillast af öllu því sem tengist tækni. Ætli það sé ekki vonin í brjósti manna á aldur við mig, með slaka vöðva, bumbu og sigin karlmansbrjóst, sem stefna hraðbyr niður að nafla, að dag einn verði mögulegt að blása nýju lífi í búkinn og lengja ævina hérumbil út í hið óendanlega með hjálp tækninnar. Ekki svo að ég þurfi á þess háttar uppfærslu að halda, fjarri því. En neita mér ekki um eilíft líf.

En hvað um það. Alveg frá því snemma á níunda áratug á síðustu öld hef ég fylgst með skrýtna gauknum í Apple, þessum Steve Jobs, sem virðist fá bestu hugmyndirnar við það eitt að sitja í lótsustillingu með fætur yfir axlir. Ég lagðist í stofusófanum með iPod í eyrunum og skellti á góðri tónlist. Rápaði um netið í Makkanum og skoðaði nýja iPhone-símamann sem ég ætla að sýna opinberlega um leið og hann verður löglegur hér landi.

Hvað var ég eiginlega að pæla? Hugsaði ég í sama mund og ég renndi yfir uppgjör Apple í fyrrakvöld. Gengið hefur sprungið út hraðar en súffleidd sem ég gerði um helgina en virðist fjarri því að springa. Á sama tíma hefur maður verið trúr fósturlandiinu, móðurfaðminum sem í öll þessi ár hefur alið mann, fætt og klætt og fjárfest bara á íslenskum markaði, sem kom hundleiðinlegur inn í haustið. „Heimskur er heimalinn hundur,“ sagði ég við sjálfan mig óvenju hátt enda heyrði ég lítið í sjálfum mér fyrir Mariu Callas sem glumdi í eyrunum eins og froskur úti í guðsgrænni náttúrunni.

Glaður í bragði, og öllu hressari með heimatilbúið orðatiltæki, fór ég í netbankann og nartaði í Apple fyrir klink, smápening sem ég hef í handraðanum. Lagði mig svo yfir endursýningu Spaugstofunnar og vaknaði ekki fyrr en í gærmorgun. Og viti menn, þrátt fyrir bak- og eyrna- verk og krumpuð fót var ég glaður í bragði. Ekki síst eftir að ég kíkti á netið og kíkti á stökkmarkaðinn úti. Allt á uppleið og útlit fyrir að klinkið ætli að skila sér vel til baka. Ég mæli með innhverfri íhugun að hætti Jobs.

Spákaupmaðurinn á horninu

Auglýsingasími

512
5050

FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið

Nýtt andrúmsloft á fundum



PIPAR • SÍA • 71848



Fundargestir í einum af glæsilegum fundarsölum Radisson SAS Hótel Sögu láta fara vel um sig og fylgjast með kynningu á stórum flatskjá. Umhverfið er glænýt, allar innréttingar, húsgögn og tækjabúnaður. Allir fundar- og ráðstefnusalirnir á Radisson SAS Hótel Sögu hafa verið endurnýjaðir frá grunni. Salirnir eru fjölbreyttir og henta fyrir fjölmenna fundi, fámenna fundi, morgunverðarfundir, hádegisverðarfundir, ráðstefnur og aðalfundi. Veitingar eru í boði sem henta tilefninu og tæknimaður er til staðar svo allt gangi snurðulaust fyrir sig.

Það er nýtt andrúmsloft á fundum og ráðstefnum á Radisson SAS Hótel Sögu.

Radisson SAS Saga Hotel

Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Fyrirtæki í jarðvinnslu/malbikun

Til sölu er fyrirtæki í jarðvinnslu og malbikun. Fyrirtækið er áratuga gamalt og með traust viðskiptasambönd. EBITDA hagnaður nál 35millj.kr. á ári. Fyrirtækið er vel rekið og með mikil vaxtartækifæri. Upplýsingar veitir Magnús í síma 820-8800.



Jólahlaðbord



Byrjad er að taka bordapantanir

á vinsælu jólahlaðborðin hjá

Hótel Ólafsvík.

Verð kr. 4.900 pr. mann

Jólahlaðbord, gisting
og morgunverðarhlaðbord
8,900 pr.m

Bordapantanir í síma 436 1650

Fyrsta jólahlaðborðið
hefst 10. nóv.

17, 24. nóv.

1, 7, 8. des.

Foréttir

Hnetugrafinn lax með þúrtvínssósu, reyktur regnbogasilungur með graslauk og sýróum rjóma Hreyndýrapaté með trónuberjum, Villibráðapaté með cumberlandsósu, Blandaðir sjávarréttir í koniaksósu, heimalagaður sildarréttur með eplum og sellery. Konfeksilsild, Karrysild, appilsínusild, og villisveppasúpa

Aðalréttir

Hangikjöt, jólskinka, rífasteik og villikryddað lambalæri.

Meðlæti

Sodnar og sykurbúnaðar kartöflur, Rauðkál, grænar baunir og mais, ananas, Ferskt salat, Rauðbeusalat, Ávaxtasalat, mákonusalat, Rauðvínssósa, Uppstúf, brauð, rúgbrauð og laufbrauð omfl.

Eftirréttir

Ris a la mand með hindberjasósu
Marenstertur og kransakökubitar
kaffi



HÓTEL
Ólafsvík

Ólafsbraut 20 • 355 Ólafsvík • sími: 436 1650 & 865 3459 • fax: 436 1651 • netfang: hotel.olafsvik@simnet.is • veffang: www.hotelolafsvik.is

Tillsammans er best

Í sitt hvoru lagi erum við góð ... saman erum við frábær samsetning

Fasteignafélagið Stoðir, Keops og Atlas Ejendomme sameinast og mynda eitt stærsta og öflugasta fasteignafélag Norðurlanda.

Saman erum við **LANDIC**
PROPERTY



LANDIC
PROPERTY



AÐALSTEINN LEIFFSSON, FORSTÖÐUMAÐUR Í HR Aðalsteinn Leifsson sagði að EFTA stæði nú í samningaviðræðum við sjö ríki og ESB við um þrjátíu ríki. FRÉTTAHLAÐIÐ/GVA

Stöndum betur að vígi innan en utan við viðskiptastefnu ESB

Stöndum er því haldið fram að við stöndum vel að vígi utan viðskiptastefnu ESB vegna þess að þá getum við fengið það besta frá Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og öðrum heimshlutum. Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir formlegt sjálfstæði erum við erum í raun hluti af Evrópusambandinu í þessu tilliti," segir Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík.

Aðalsteinn hélt erindi á fundi Viðskiptaráðs Íslands á mánudaginn um viðskiptastefnu Evrópusambandsins. Aðrir frummælendur voru Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Percy Westerlund, sendiherra framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hélt opunarerindi.

Aðalsteinn segir að við höfum vissulega frelsi til að gera viðskiptasamninga upp á eigin spýtur eða með samstarfsríkjum okkar í EFTA. „En þær reglur sem við fylgjum í viðskiptum, hvort sem þau eiga sér stað innanlands, við Evrópusambandið eða við aðra aðila, eru reglur EES og innri markaðarins. Við erum ekki mitt á milli verslunarmiðstöðvarinnar ESB, verslunarmiðstöðvarinnar Bandaríkjanna og verslunarmiðstöðvarinnar Asíu, eins og margir vilja halda fram. Það er ef til vill eins gott, því það væri svipað að halda því fram að það væri gott að staðsetja litla verslun mitt á milli Kringlunnar, Smáralindar og miðbæjarins, það er einhvers staðar í Öskjuhlíð. Við erum

mikið fremur eins og Borgarkringlan áður en opnað var á milli hennar og Kringlunnar – þétt upp við Evrópusambandið en ekki hluti af því.“

Aðalsteinn segir að það sem væri unnið með fullri aðild að Evrópusambandinu hvað varði utanríkisviðskipti sé í fyrsta lagi að við nytum fullra og óskorinna réttinda á innri markaðinum og hefðum sæti við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. „Í öðru lagi hefðum við stærsta viðskiptaveldi heims í liði með okkur í viðskiptasamningum. Í þriðja lagi nytum við þeirra viðskiptasamninga sem ESB hefur gert um allan heim.“

Ókostirnir eru að mati Aðalsteins þeir að Íslendingar tapa því frelsi sem þeir þó hafa til þess að gera viðskiptasamninga á eigin spýtur. „Í mínum huga er þetta ekkert ósvipað því þegar veggir voru fjarlægðir og Borgarkringlan varð hluti af Kringlunni – það tapaðist ákveðið sjálfstæði hjá Borgarkringlunni en það voru kostir sem komu á móti. Að minnsta kosti hafa veggirnir ekki verið endurreistir. Mín niðurstaða er því sú að við stöndum betur að vígi innan viðskiptastefnu ESB en utan hennar. Spurningin um Evrópusambandsaðild er að sjálfsögðu flóknari en svo að hún nái aðeins til viðskiptastefnu. Þar kunna aðrir hlutir að standa í veginum, eins og til dæmis sjávarútvegur. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að sjávarútvegur sé sú hindrun sem margir hafa viljað halda fram," segir Aðalsteinn Leifsson.

- bg

FÓLK Á FERLI

SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR hefur verið ráðin í starf útibússtjóra á vestursvæði útibúa SPRON. Sigríður, sem tók formlega við starfinu 1. október, hefur



starfað hjá SPRON í 25 ár. Sigríður hefur frá árinu 2002 starfað sem þjónustustjóri í útibúi SPRON á Skólavörðustíg og verið staðgengill útibússtjóra á vestursvæðinu. Frá 1999 til 2002 var Sigríður


forstöðumaður bókhaldsdeildar SPRON og frá 1998 til 1999 var hún fulltrúi í bókhaldsdeild. Þá starfaði hún sem þjónustufulltrúi frá 1996 til 1998 í útibúi SPRON á Seltjarnarnesi og frá 1987 til 1996 var Sigríður skrifstofustjóri í sama útibúi. Á árunum 1982 til 1987 starfaði hún við ýmis störf hjá SPRON.

KJARTAN JÓNSSON hefur verið ráðinn í stöðu forstöðumanns leiðarkerfisstjórnunar, frá og með 1. október, sem



er hluti af fjármála og rekstrarstýringarsviði Ícelandair. Meðal verkefna hans verða framboðsstýring og leiðarkerfisstjórnun. Kjartan hefur unnið sem verkefnastjóri við

markaðs- og söluáætlanir hjá Ícelandair síðan vorið 2004. Áður vann hann sem viðskiptastjóri bæði hjá Landsímanum og BellSouth í Sjanghai í Kína. Kjartan lauk M.Sc.-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Tokyo Institute of Technology (TIT) árið 2004. Hann hefur einnig BA-gráðu í íslensku frá Háskóla Íslands.



Huglök Okt 07

Undirstaða ánægju.



Hästens 
since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

DAGUR Í LÍFI ...

Sigríðar Olgeirsdóttir, forstjóra Humac Group

Sigríður Olgeirsdóttir er nýr forstjóri Humac-samstæðunnar sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vörum Apple. Undir samstæðunni er starfsemi í fimm löndum: Á Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Alls 225 starfsmenn í heild vinna í 22 starfsstöðvum, nítján verslunum og þremur skrifstofum. Móðurfélag Humac er á Íslandi.

6.50

Vekjaraklukkan hringir. Ég sé um að vekja fjölskylduna eins og venjulega enda er ég morgunhani heimilisins. Undirbý morgunmat fyrir dæturnar. Það geri ég alltaf því annars myndu þær ekkert borða. Það er mikilvægt að þær borði vel fyrir skólann.

8.00

Sest yfir blöðin með kaffibollann.

8.30

Átti morgunverðarfund með viðskiptavini á Hótel Nordica. Þar er frábær morgunmat.

10.30

Fundur á skrifstofunni með ráðgjafa. Vorum að fara yfir hundrað daga vinnuáætlun. Mikilvægustu verkefnum forgangsraðað og línurnar lagðar fyrir samstæðuna í heild. Á næstu hundrað dögum verður þriggja ára plan mótað.

11.45

Aftur á Nordica og nú á hádegisverðarfund vegna nýs stöðugildis sem ég er að hugsa um að koma upp hjá samstæðunni.

14.00

Innanhússfundur með fjármálastjóra Humac til að undirbúa stjórnarfund í vikunni. Á fimmtudag og föstudag verða símafundir með stjórnnum allra landanna.

16.30.

Ég reyni alltaf að hætta snemma á föstudögum og lýk vinnudeginum á stefnumóti við eiginmanninn í ræktinni. Það er frábær leið til að ljúka vikunni. Í þetta sinn var ég þó ein, því hann var í útlöndum.

18.00

Kíkti í heimsókn til foreldra minna. Þá, eins og gjarnan á föstudögum, hringdi yngri dóttir mín og vildi fá pitsu í kvöldmatinn. Venjulega er ég ekki hrifin af þeirri hugmynd. Þar sem eiginmaðurinn var í útlöndum samþykkti ég það og náði í pitsu á leiðinni heim sem ég deildi með dætrum mínum.

20.00

Þetta var óvenjulegt föstudagskvöld því ég var ein heima. Ég eyddi kvöldinu í að vafra á netinu og spá og spekulera í iPod Touch.

23.30

Lauk deginum með bókinni The Google Story sem ég keypti mér nýlega. Þetta er frábær bók. Góður dagur að baki þar sem línurnar voru lagðar fyrir vikuna fram undan.



SIGRÍÐUR OLGEIRSDÓTTIR, FORSTJÓRI HUMAC GROUP
Flestum föstudögum lýkur Sigríður með stefnumóti við eiginmann sinn, Sigurjón Gunnarsson, í ræktinni. Í þetta sinn var hún ein á brettinu, þar sem Sigurjón var erlendis.



NÝI FORSTJÓRAJEPPINN? Sölumenn B&L spá því að BMW X6 verði næsta uppahald íslenskra bílaunnenda.

Engin kreppa á toppnum

Á meðan sala á „venjulegum“ bílum dregst saman eykst sala á bílum sem kosta yfir fimm milljónir króna. Bílasalar merkja engan samdrátt í eftirspurn.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Sala lúxusbíla hefur blómstrað það sem af er ári á sama tíma og dregið hefur verulega úr sölu „venjulegri“ bíla. Heildarsalan dróst saman um 2.319 bíla frá upphafi árs og fram til 19. október. Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu er þetta 14,9 prósent samdráttur miðað við í fyrra. Á sama tíma hefur sala aukist á nær öllum tegundum svokallaðra lúxusbíla.

Fram til 19. október höfðu nýir eigendur rúmlega fjórtán hundruð stykkja af lúxusbílum ekið út um dyr íslenskra bílaumboða. Til lúxusbíla teljast hér bílar sem kosta frá 4,5 milljónum króna að tuttugu milljónum og upp úr. Heildarfjöldi seldra bíla var 13.245 á tímabilinu. Lúxusbílar eru því hátt í ellefu prósent allra seldra bíla á þessu ári.

Á þessu ári hefur mesta sprengingin orðið í sölu á Land Rover-jepum. Sala þeirra jókst um hundrað

SALA LÚXUSBÍLA Í GEGNUM UMBOD

	2006	2007	Aukning
Audi	56	91	+62%
BMW	150	170	+13%
Land Rover	127	254	+100%
Lexus	145	138	-4,08%
Mercedes-Benz	76	153	+101%
Porsche	58	52	-10,3%
Volkswagen (Touareg)	38	40	+5%
Toyota (Land Cruiser)	764	465	-40%

Á við bíla yfir 4,5 milljónum króna. Volvo XC90 og S80 myndu einnig teljast til lúxusbíla í þessu samhengi. Ekki fengust sölutölur frá Brimborg, umboðsaðila Volvo. Þær tegundir eru því ekki teknar inn í samanburðinum.

FRÍSTUNDIN

Lífsstíll fremur en áhugamál

Í hátt í tuttugu ár hefur Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy, stundað hestamennsku af miklu kappi. Hann kynntist henni sem unglingur í sveit og keypti sér sinn fyrsta hest þegar hann var ekki nema sextán ára. „Hestamennskan var mér alltaf mjög nærri, þrátt fyrir að mitt fólk vissi ekki hvað sneri fram og hvað aftur á hestum. Hún togaði hins vegar alltaf í mig, allt frá þessum tíma.“

Eftir að Ásgeir flutti aftur heim að loknu verkfræðinámi í Svíþjóð hóf hann að stunda hestamennsku ásamt tengdaföður sínum. Síðan hefur áhugamálið hlaðið utan á sig hjá Ásgeiri, eiginkonu hans og tveimur af þremur sonum þeirra. „Fyrir okkur er þetta ekki lengur áhugamál heldur lífsstíll, enda fer megnið af okkar frítíma í þetta.“

Í það heila á fjölskyldan hátt á annan tug hesta. Þau eru með hesthús í bænum og aðstöðu austur í sveit sem þau nota mikið á sumrin. Á haustin, þegar hestarnir eru í haga, nota Ásgeir og synir hans tímann í tamningar. Þeir eru því fáir mánuðirnir á ári sem hestamennskan tekur



HEILSAST Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy, er mikill hestamaður. Hér nær hann tengingu við nýfætt folald í sveitinni í sumar. MYND/ÁSGEIR MARGEIRSSON

ekki tíma fjölskyldunnar. Nú er tamningunum nýlokið hjá þeim feðgum. Segir Ásgeir ekki laust við að hann finni fyrir fráhrarfeinkennum. „Maður er fljótt farinn að hugsa um hvernig hestarnir hafi það og gefur sér tíma til að fara að heimsækja þá. Enda myndast mjög sterkar taugar á milli hests og manns. Hins vegar nota ég líka tímann á haustin til að sinna öðrum málum sem ef til vill hafa setið á hakanum.“

Það er lykilatriði, að mati Ás-

geirs, að hestamennskan sé sam- einlegst áhugamál fjölskyldunnar. „Þetta kostar bæði mikinn tíma og peninga. Hestamennskunni þarf að forgangsraða fram- arlega, jafnvel á kostnað annars sem maður myndi gera. Það getur verið mjög erfitt ef það er ekki samstaða um það hjá fjölskyldunni. Ég hefði ekki sókt mér svona djúpt í hestamennskuna nema af því hún varð fjölskylduáhugamál hjá okkur.“

- hhs

Álið er málið

Fegurð, mýkt, ending



Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál	
RAL 1013	Perluhvítt
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Mórautt
RAL 5009	Blátt
RAL 6003	Ólívugrænt
RAL 7011	Koksgrátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetallic
RAL 9010	Hvítt
RAL 9007	Dökkur Metallic



Horfðu til himins

Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði. Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 Mórautt
RAL 9005 Svart
RAL 9010 Hvítt



HÚSASMÍÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluðili:
Verslanir Húsasmíðjunnar
um land allt

Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samlokueiningar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðaðu úrvalið á www.altak.is



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



BANKHÓLFID



Sófi fyrir nýsköpun

Um þessar mundir er Klak nýsköpunarmiðstöð að flytja af efstu hæð Nýherja í Borgartúni í efstu hæðina á húsi Háskólans í Reykjavík við Kringluna sem áður hýsti Morgunblaðið. Í húsakynnum Klaks getur að líta forlata sófasett úr leðri, Chesterfield. Settið mun hafa verið eign ungs stjórnálmamanns sem nýverið settist á þing og gegnir hárrí stöðu. Sá var lengi einhleypur og festi hann kaup á því þrátt fyrir að kunningjar hans vörðu hann við því að hitti hann konu myndi hennar fyrsta verk verða að setja mark sitt á heimilishaldið, kaupa nýtt sófasett og henda því gamla út í skúr. Ekki þarf að fara lengra út í þá sálma en spáin rættist og verma sófasettið nú nýsköpunarbossar í djúpum hugleiðingum.


Hvað með kirkjuna?

Bandaríski fyrirlesarinn Larry Farrell benti í athyglisverðu erindi sínu á föstudag á að rúmlega 80 prósent bandarískra fyrirtækja sem voru til árið 1945 heyrðu sögunni til fjörutíu árum síðar. Þar var um að kenna skorti á nýsköpun. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, spurði eðlilega hverju það sætti þá að kirkjan, sem síst allra væri þekkt fyrir nýsköpun, lifði enn góðu lífi 2.000 árum eftir stofnun hennar. Farrell var fljótur til svara: „Viðskiptasýn kirkjunnar er skýr og varan góð.“ Ekki kom fram hvort viðskiptavinir kirkjunnar hefðu sent póstkort úr himnaríki en það er önnur saga.

Viða getur nætt um fólk

Við Smáratorg í Kópavogi er að rísa hæsta bygging landsins og gnæfir þar yfir nærsveitir. Á efstu hæð verður forlata veitingastaður og sjálfsagt unun að horfa yfir. Mikil er eftirvæntingin því heyrst hefur af því að þegar hafi verið lögð inn pöntun fyrir jólahlaðborð starfsmanna deCODE í turninum.

Nú líður að hlaðborðavertíðinni en vonandi er kvöld deCODE ekki með þeim fyrstu í röðinni því síðast þegar fréttist vantaði enn útveggi í nýju blokkina. Því gæti farið svo að næddi um deCODE-fólk víðar en á hluta-bréfamörkuðum.




10. sætið sem Ísland er í meðal þeirra þjóða heims þar sem hvað auðveldast er að stunda viðskipti samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðabankans.

4 milljarða króna hagnaður norska tryggingafélagsins Storebrand á þriðja ársfjórðungi. Kaupþing er stærsti hluthafinn í Storebrand.

11,5% samdráttur í smásöluveltu milli ágúst og september samkvæmt smásöluvísitölu Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000



EINSTÖK UPPLIFUN

Láttu ekki snjóleysi skemma skíðafríð...
Í Colorado snjóar að meðaltali 8-10 metra yfir tímabilið.

SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistinguáttir í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax



WWW.ICELANDAIR.IS

Samstarfsaðili GB ferða



SHARP

SHARP XE-A203
· 32 vöruflokkar
· Allt að 1200 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun
· Íslenskur strimill
· Rafrænn innri strimill
· Mjög auðveld í forritun
Kr. 49.900,-



SHARP

SHARP XE-A303
· 40 vöruflokkar
· Allt að 1800 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun
· Íslenskur strimill
· Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-

SHARP SJÓÐVÉLAR

Vandaðar sjóðvélar sem reynst hafa Íslendingum vel.

ORMSSON

Þú gengur að gæðunum vísum!



flutningar

MÍÐVIKUDAGUR 24. OKTÓBER 2007



Frá, frá, húsi
liggur á!

Gömlum húsum skutlað
á nýjar slóðir

BLS. 4



NORDICPHOTOS/GETTY



130 m á hæð

„GP krannar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Vinnur verkin og lætur þau tala



Mikael byrjaði í sendibíljónustu en hefur bætt stærri flutningabíl við.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikael Hreinsson flytur allt frá kristalsglösum upp í steypumót. Hann hefur rekið Flutningaþjónustu Mikael's í tuttugu ár og lent í margs konar aðstæðum.

„Ég bæði pakka og flyt og útvega allt til flutninga,“ segir Mikael Hreinsson og kveðst einungis vera í viðskiptum við toppfólk á sama sviði. „Það er engin sýndarmenska í gangi og enginn stórkarlaleikur. Við bara vinnum verkin vel og látum þau tala. Fólk er að hringja í mig sem ég flutti fyrir, fyrir fimmtán árum. Það segir meira en mörg orð.“

Það eru sem sagt um 20 ár síðan Mikael byrjaði í flutningunum. Fyrst á sendibíl en nú hefur hann víkkað út sviðið. „Ég er einyrki en get alltaf bætt inn mönnum. Ég er líka kominn með vörubíl með krana og er til dæmis núna að flytja steypumót í grenjandi rigningu. Flutningarnir hjá mér hafa því breyst dálítið. Ég er ekki bara í sendibílaakstri. Viðskiptavinurinn ræður því sjálfur hversu miklum peningum hann er tilbúinn að verja í flutningana.“

Mikael kveðst pakka inn fyrir flutninga alveg eins og fólk vilji, bæði stórum hlutum og smáum. „Oft er það þannig að fólk gerir ekkert sjálft heldur lætur okkur flutningsmenn um verkin og við göngum frá öllu saman. Pökkunin og frágangurinn fer eftir umfanginu. Hvort við erum að flytja milli landa, landshluta eða húsa. Við göngum vel frá hlutum og höfum allt til alls til að verja þá,“ lýsir hann.

Nú viljum við vita hvaða umbúðir Mikael notar til pökkunar en hann segir það vissulega fara eftir aðstæðum eins og annað. „Ef ég pakka stelli þá er það vafið í pappír sem er sérstaklega til þess gerður og svo fer það í kassa. Ef um er að ræða mjög finar mublur, póleraðar og viðkvæmar, þá nota ég plastkúlupappír með pappafilmu utan á og líka svamp.“

Um verð fyrir flutninga hefur Mikael þetta að segja: „Viðskiptavinurinn ræður því sjálfur hversu miklum peningum hann er tilbúinn að verja í flutningana. Eflaust er hægt að fá einhverja ódýrari en mig. En fólk fær það sem það borgar fyrir.“ Hvað ef eitthvað skemmist nú í flutningunum? Hvernig skyldi það vera bætt? „Ég er með rekstrarleyfi og ef eitt-

hvert tjón verður af mínum völdum þá er ég tryggður fyrir því,“ svarar hann. „Engu síður þarf fólk að tryggja sínar eitur sjálft. Ég get ekki bætt stórtjón á búslóð ef hún er ekki tryggð því við völdum engum stórtjónum. En ef ég skemmi eitthvað þá er ég tryggður. Það hefur aðeins einu sinni reynt á það á þessum tuttugu árum, þrátt fyrir alla flutninga sem við höfum tekið að okkur. Þá fauk þakpapparúlla utan í bíl.“

Þíanóm kveðst Mikael oftast ganga frá með svampi og plasti og taka sérstakt gjald fyrir flutning þeirra. „Venjulegur einfaldur píanóflutningur á höfuðborgarsvæðinu er á 16.000 krónur. Þá er ekki miðað við að það sé neinn hausverkur að koma hljóðfærinu út af gamla staðnum eða ganga frá því á þeim nýja og hvorki þurfi að koma hljóðfærinu inn um loftgat eða rífa niður límstiga. En ég hef flutt píanó með búslóðalyftu upp á þriðju hæð og stungið því inn um glugga. Held ég hafi séð allt í þessum efnunum í gegnum árin og komist í flestar þær aðstæður sem hægt er að lenda í.“ Veffang Flutningaþjónustu Mikael's er flytja.is.

gun@frettabladid.is

Öryggistilfinning dýranna endurvakin

Öll þurfum við tíma og næði til að aðlagast nýju umhverfi eftir flutninga. Gildir það ekki síst um gæludýr, að sögn Helgu Finnsdóttur, dýralæknis hjá Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur.

„Þetta er svolítið misjafnt eftir því hvort um ræðir hund eða kött. Hundar fylgja eigendum þar sem þeir eru svo háðir mannum, en kettir eru sjálfstæðari og bindast frekar staðnum. Kettir hafa alla tíð farið sínar eigin leiðir og ekki gengið vel að breyta því,“ segir Helga Finnsdóttir dýralæknir.

Hún bendir á að hægt sé að fara með hundana nokkrum sinnum á nýja staðinn til að venja þá við áður en flutt er inn. „Það getur verið gott að leyfa þeim að vera með þegar það er verið að undirbúa heimilið. Finna þeim stað þar sem þeim líður vel, nálægt fjölskyldunni eða hópnum. Þá ættu hlutirnir að ganga betur.“

Helga segir ketti aftur á móti geta þolað flutninga verr, þótt auðveldara sé að flytja með inni- en útiketti. „Það er hægt að undirbúa kettina á ýmsan hátt. Fara með þá í heimsókn á nýja staðinn eins og hundana. Vera búinn að finna stað fyrir sandkassann þeirra, þar sem ró og friður ríkir og ekki er of bjart.“

Að sögn Helgu hafa svokölluð ferómon-

efni einnig reynst vel við að venja heimilisketti á nýja íverustaði. „Ferómon er efni sem skilst út frá fitukirtlum hunda og katta meðal annars eftir got og hefur róandi áhrif á afkvæmin. Ferómonefni eru síðan tilbúin ferómon sem hafa svipuð áhrif þar sem þau endurvekja öryggistilfinningu dýrsins frá því að það var á spena móðurinnar.“

Tilbúna ferómonin fást í vökvaformi í flösku á úðakló, sem er stungið í rafmagnsinnstungu. Það dreifir lyktinni sem dýrið finnur og mikilvægt að gera það tímanlega þar sem úðinn er finn og dreifist því hægt um húsið. Blaðamaður getur þá ekki stillt sig um að spyrja hvort einhverjar líkur séu á því að menn taki skyndilega upp á því að mala út af lyktinni. „Ég veit nú ekki til þess, enda finnum við enga lykt,“ segir Helga og hlær.

Hún bætir við að mikilvægt sé að halda útiköttum innadyra, jafnvel mánuð eða lengur, eftir flutning. Séu kettir settir of snemma út sé hætta á að þeir leiti aftur á gamla staðinn. Síðan sé ráðlagt að hafa þá undir eftirliti fyrst eftir að þeir fara út, hugsanlega í ól og taum. Það ætti að koma í veg fyrir að þeir týnist.


„Önnur dýr þurfa ekki síður umhyggju við breytingar á umhverfi og aðstöðu,“ segir Helga enn fremur. „Eigandinn þarf í hverju og einu tilviki að hugleiða hvernig hægt er að gera flutninginn sem auðveldastan fyrir dýrið.“

roald@frettabladid.is



Helga Finnsdóttir með tíkina Sofíe á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur í Skipasundi 15.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

Skrifstofur Samskipa: Bandaríkin, Belgía, Brasíla, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. Umboðsmenn: Finnland, Portúgal.



Egill Rúnar Hjartarson, verkstjóri hjá akstursstýringu GG Flutninga.



Hér flyst gamla Skátaheimilið í Hafnarfirði austur undir Eyjafjöll, árið 2001. MYND/GG FLUTNINGAR



GG Flutningar flytja oft skólastofur fyrir Reykjavíkurborg og hér er ein slík á leið til nýrra heimkynna. MYND/GG FLUTNINGAR

Frá, frá! Húsi liggur á!

Gömul niðurnídd hús öðlast stundum framhaldslíf, en þá má sjá vörubíla skutla þeim heim á nýjar slóðir.

„Ætli við flytjum ekki eitt til tvö gömul hús á ári, en ansi marga sumarþustaði og skólastofur milli staða,“ segir Egill Rúnar Hjartarson, verkstjóri hjá akstursstýringu GG Flutninga, um þessi sérkennilegu ferðalög húsa.

„Við önnumst alla flutninga á landi og höfum gert í hálfu öld, en húsflutningum fylgir mesta vinnan. Til að flytja gamalt hús af grunni

sínum og á nýjan stað annars staðar krefst mikillar undirbúningsvinnu, sem oft tekur marga daga. Þá þarf að hafa samskipti við yfirvöld, því húsflutningum fylgir undantekningarlaust lögreglu- fylgd, það þarf að planleggja leiðir og fella margt á þessum leiðum, eins og ljósastaura, skilti og önnur minni mannvirki,“ segir Egill, en þegar undirbúningsvinnu er lokið er tímabært að ákveða sjálfan flutninginn í samráði við aðila málsins.

„Þetta eru gjarnan kostnaðarsamir flutningar og í tilvikum eldri húsa þarf að gæta fyllsta öryggis í meðferð hús-

anna. Sumarþustaðir eru auðveldari í flutningum og ekki eins kostnaðarsamir, en það fer eftir stærð þeirra og hve langt þarf að flytja þá. Það koma margir að svona flutningum, sem er mikið samvinnuverkefni fagmanna, en auk okkar flutningsmanna hefur eigandi hússins yfirleitt fengið húsasmiði til að losa húsið af grunni sínum og styrkja það ef þörf krefur svo húsið falli ekki saman, sem og kranamenn til að lyfta því. En þetta ásamt öðru sem viðkemur þessum flutningum sjá GG Flutningar um, ef óskað er.“

thordis@frettabladid.is

BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA

- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!



EUROCARGO

Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu



DAILY PROFESSIONAL DNA

Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar



STRALIS

Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur

- ✓ Ný hönnun
- ✓ Meira rými
- ✓ Aukin gæði
- ✓ Meira afl
- ✓ Aukin afköst
- ✓ Aukin þjónusta
- ✓ Rekstraröryggi



VÉLAVERI



TRAKKER

Trukkurinn fyrir verktakana

ÖJ-ARNARSON EHF

www.trukkur.is

☎ 893 8327



- Gámakeyrsla
- Efnisflutningar
- Vélaflutningar
- Flatvagnaflutningar
- Dráttabílar
- Vörubílar
- Gröfur og tæki
til allra annarra jarðvinnu

ÖJ-ARNARSON EHF

www.trukkur.is trukkur@trukkur.is
Símar 893 8327, 863 8327, fax 587 4832.

Búslóðin geymd á góðum stað

Við flutning kemur fyrir að búslóð þurfi að geyma í lengri eða skemmri tíma og eru þá ýmsir möguleikar fyrir hendi.

„Við bjóðum í grunninn upp á tvo valkosti við búslóðaflutninga. Annars vegar geta menn flutt búslóðina sem lausavörusendingu, ef um minni háttar búslóð er að ræða. Hins vegar sem heilfarm ef búslóðin er í stærri kantinum,“ segir Nótt Thorberg, forstöðumaður söludeildar innanlandssviðs hjá Samskipum.

„Velji menn fyrri valkostinn geta þeir keypt bretti og fengið þau send heim til sín sem þeir setja búslóðina á. Æskilegt er að sendendur gangi sjálfir frá búslóðinni til flutnings, plasti húsgögn og pakki þeim viðkvæmu í bylgjupappír og þess háttar, svo meðhöndlunin sé sem minnst eftir að við tökum við henni.“

Að sögn Nóttar er það algjörlega á ábyrgð sendanda að ganga frá búslóð þannig að hún sé hæf til flutnings. Búslóðin berst í flestum tilvikum innan sólahrings á áfangastað, sé hún send frá Reykjavík. Stærri búslóðir geta þó verið tvo til þrjú daga að berast og eru geymdar í vöruhúsum Samskipa. „Við bjóðum reyndar ekki upp á langtímahýsingu hér fyrir lausavörusendingu, heldur tökum á móti vörunni skömmu áður en hún fer á áfangastað.“

Velji menn síðara valkostinn, flutning á heilfarm, geta þeir fengið leigðan gám undir búslóðina. „Við komum með gáminn heim að dyrum hjá kaupanda,“ segir Nótt. „Þar getur hann verið, svo framarlega sem kaupandi er með leyfi til að hafa gáminn á tilskildum stað innan bæjarfélagsins. Kaupandinn gengur svo frá búslóð í gáminn og gerir hann tilbúinn til flutnings.“

Því næst er gámurinn sóttur af starfsmönnum Samskipa og fluttur á gámvöll félagsins, þar sem hægt er að geyma hann til skemmri eða lengri tíma og sérstaklega er þá greitt fyrir plássíð. Svo er hann sendur á áfangastað að beiðni kaupanda.

„Kaupandi getur einnig fengið að geyma gáminn á



Nótt Thorberg, forstöðumaður söludeildar innanlandssviðs hjá Samskipum, segir ýmsa möguleika fyrir hendi í búslóðaflutningum innanlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áfangastað,“ segir Nótt. „Ef til vill í skemmri tíma ef um almenningssvæði ræðir en í lengri tíma á einkalóð.“ Kaupandi sér svo sjálfur um að tæma gáminn þar sem Samskip hafa ekki boðið upp á þá þjónustu en Nótt segist vita til að sérstakir aðilar sérhæfi sig í slíku og bendir á P. Árnason og fleiri.

„Loks mæli ég eindregið með að allir tryggi búslóðina

sérstaklega fyrir flutninga, þó svo að flutningsaðilinn sé að einhverju leyti ábyrgur fyrir tjóni sem búslóðin kann að verða fyrir í flutningnum,“ segir Nótt. „Tjónaskilmálar eru takmarkandi og ná ekki að öllu leyti yfir mikil verðmæti. Við höfum boðið fólki upp á þessa þjónustu í gegnum tryggingafélög en líka bent á að hægt er að ganga frá búslóðaflutningum í gegnum eigið tryggingafélag.“ roald@frettabladid.is

Flutningatæki og hjólbarðar

Traust þjónusta og hagstætt verð!



Flutningavagnar og kassar

Heildarlausnir í flutningavögnum og flutningakössum frá traustum framleiðendum.



Vörubíladekk

Traust vetrar- og heilsársdekk. Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður.



Ál-slískjúr – fyrir létt og þung tæki



Fáðu vörulista sendann, hringdu eða pantaðu á vefsíðu okkar.



Vinnuvéladekk

Niðsterk dekk fyrir stórar vinnuvélar á lager. Sérþöntum flestar aðrar gerðir með stuttum fyrirvara.



Dekkjavélar

Hjólkoppur og felgur / naglar og míkrokskurður



ALORKA

www.alorka.is

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080



● MIÐAPRENTUN OG FARMGJÖLD

Ýmis þægindi eru á síðum flutninga-fyrirtækja á netinu. Á vefnum icelandaircargo.is er til dæmis hægt að finna hentugt töl til þess að prenta út farmbréflímmiða sem hægt er að nota fyrir sendingar til útlanda. Límmiðarnir prentast út með IATA-strikamerki sem uppfyllir öll þau skilyrði IATA sem gerð eru til merkingar á útflutningsfrakt.

Á vef Landflutninga/Samskipa sem er með veffangið www.landflutningar.is er reiknivél sem reiknar út farmgjöld fyrir flutning á vörum til allra hinna fjölmörgu áfangastaða fyrirtækisins á landsbyggðinni. Er þá miðað við bæði kílóafjölda sendingar og rúmmál og þar er einnig að finna leiðbeiningar um hvernig rúmmál sendingar er fundið út.



 **FRÁBÆRT VERÐ !**



Nýr Fiat Doblo

Sendibíll ársins í Evrópu 2006

Veldu þína stærð (3,2 / 3,8 / 4 m³ rými)

Ef notagildi, sveigjanleiki og verð er efst í þínum huga þá er Fiat Doblo lausnin.
Doblo: 850 kg, allt að 4 m³ flutningsrými,

Þú sérð strax að bestu kaupin eru í Fiat Doblo!

Verð frá kr 1.730.000.- með dieselvél

Verð frá kr 1.610.000.- með bensínvél



Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati



DUCATI



Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is



Lítill heimur ...

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!



Eimskip er með um 300 starfsstöðvar í yfir 30 löndum, rekur 50 skip, 25 flugvélar, 200 kæli- og frystigeymslur og 2.000 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 15.000 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

... hugsum stórt

